Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 reykjavík

Reykjavík, 20. mars 2026
USK24120039

***Tillaga um aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni 2026-2030***

**Skrifstofa umhverfisgæða leggur fram svohljóðandi tillögu:**

> Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki tillögu að nýrri aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni fyrir árin 2026-2030 sem ber nafnið Náttúrulega Reykjavík.
>
> Lagt er til að málinu verði vísað til afgreiðslu borgarráðs og borgarstjórnar.

Greinargerð með tillögum:

Náttúrulega Reykjavík er Aðgerðaáætlun Reykjavíkur um líffræðilega fjölbreytni 2026-2030 og tekur við af eldri áætlun. Henni er ætlað að innleiða markmið úr gildandi stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni. Í áætluninni eru auk þess skilgreindar þær aðgerðir sem Reykjavíkurborg ætlar að innleiða úr Náttúruborgarsamningi Berlínar (Berlin Urban Nature Pact) sem Reykjavíkurborg undirritaði í október 2025. Reykjavíkurborg mun setja sér það markmið að ljúka við aðgerðir (1.1, 1.2, 2.3, 2.5, 3.1, 4.1, 4.2, 4.3, 4.4, 4.5, 5.2, 6.2, 6.3, 6.4, 7.4) úr Náttúruborgarsamning Berlínar (Berlin Urban Nature Pact). Skoðað verði að innleiða aðgerðir: 2.2 og 2.4.

Tillagan var unnin af starfshópi skipuðum af sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs. Hún var unnin í samstarfi við helstu hagaðila og auglýst til umsagnar í samráðsgátt Reykjavíkur.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

__________________________

Benedikt Traustason
*Umhverfis- og skipulagssvið*

Hjálagt:

- Náttúrulega Reykjavík! Aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni 2026-2030.
- Yfirlit um tímaramma, ábyrgðarskiptingu og mögulegan kostnað.
- Samantekt á umsögnum og svör við þeim.
- Umsagnir sem bárust í samráðsgátt.
- Samantekt aðgerða út fyrri aðgerðaáætlun

Reykjavík

Reykjavík, 20. mars 2026
USK24120039

**Svör við athugasemdum og tillögum sem bárust í kjölfar samráðs um drög að aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni fyrir árin 2026-2030**

Í desember 2025 var stofnaður starfshópur um endurskoðun aðgerðaáætlunar um líffræðilega fjölbreytni í Reykjavík. Starfshópnum var falið að vinna drög að aðgerðum fyrir árin 2026-2030 byggt á gildandi stefnu. Starfshópurinn hélt vinnustofu aðgerðirnar með helstu hagaðilum þar sem drög að aðgerðum voru rýndar. Jafnframt voru drögin send til umsagnar í samráðsgátt Reykjavíkur þar sem íbúum Reykjavíkur, samtökum og stofnunum bauðst að koma á framfæri sínu áliti, tillögum, ábendingum og sjónarmiðum um drögin.

Á samráðstíma bárust fimm athugasemdir frá stofnunum og félagasamtökum (Laugarnesvinum, Landi og skógi, Náttúrufræðistofnun, Náttúruverndarstofnun og Skógræktarfélagi Reykjavíkur). Helstu atriði úr umsögnum þeirra eru birt hér ásamt svari og hvernig unnið var úr þeim.

Þakkað er kærlega fyrir þær athugasemdir, tillögur og hugmyndir sem bárust á samráðstíma en þær eru nauðsynlegar til þess að bæta aðgerðaáætlunina og sníða af vankanta.

Virðingarfyllst,
Benedikt Traustason
*Umhverfis- og skipulagssvið*

**Laugarnesvinir -** Andrea Fanney Jónsdóttir og Björn Hauksson

**1. Endurheimt votlendis á Laugarnestanga**

Á Laugarnestanga var votlendi með fjölbreyttu fuglalífi, en vegna skurða og frárennslis sem lagt var á svæðinu, að hluta til neðanjarðar, er votlendið að miklu leyti horfið. Laugarnesvinir óska eftir því að endurheimt þessa votlendis sé sett í aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni. Slík endurheimt styður fjölbreytt dýralíf og snýr við þeirri skerðingu sem orðið hefur á líffræði svæðins. Ennfremur myndi slík endurheimt draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á borgarlandi. Tvær lagnir eru á svæðinu, gömul holræsislögn og nýrri holræsislögn frá árinu 1998. Lagt er til að báðum lögnum verði lokað til að stöðva rennsli í þeim á nokkrum stöðum eða þær fjarlægðar í heild sinni. Að mati Laugarnesvina hafa þessar lagnar gert ástand svæðisins verra sem brýtur gegn 37. gr. laga nr. 60/2013, enda er Laugarnestangi á C hluti náttúruminjaskrár frá árinu 1991.

*Svar: Framkvæmdir umhverfis Laugarnes í áranna rás virðast hafa haft áhrif vatnsstöðu á svæðinu og þ.m.t. á votlendisblett sem var þar áður. Þær framkvæmdir eru m.a. lagning holræsislagnar í gegnum nesið, vegagerð umhverfis það o.s.frv. Ekki er ljóst hvenær breytingar á vatnsstöðu urðu né hvaða framkvæmdir höfðu þar mest að segja. Því er ekki tekin afstaða til hugmyndarinnar að svo stöddu þar sem þær fela í sér talsvert umfangsmiklar framkvæmdir sem þarf að greina betur.*

**2. Landfylling á Laugarnestanga sé fjarlægð eða breytt í útivistarsvæði án bygginga**

Ný landfylling á Laugarnestanga er hluti af áformum Veitna og Faxaflóahafna um að stækka athafnasvæði hafnarinnar og undir starfsemi Veitna. Laugarnesvinir óska eftir því að aðgerðaráætlunin greini möguleika þess að fjarlægja landfyllinguna eða til vara að umbreyta henni í grænt svæði án bygginga. Að mati Laugarnesvina skerðir landfylling með byggingum verulega náttúrufarið á Laugarnestanga bæði fyrir dýr og upplifun íbúa við útivist á svæðinu ásamt því að skerða verulega menningarlegt landslag sem tengir Laugarnestangann við Viðey. [Vísað er til myndar með athugasemdinni]

*Svar: Hugmyndin er móttekin en ekki verður tekin afstaða til hennar í aðgerðaáætluninni. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir hafnsækinni starfssemi á svæðinu en svæðið hefur ekki verið deildskipulagt. Því hefur ekki verið tekin afstaða til þess hvernig landnotkun verður háttað.*

**3. Ágengum gróðri sé haldið í skefjum árlega á Laugarnestanga**

Laugarnesvinir óska þess að í aðgerðaráætlun sé ákvæði um að árlega skuli fjarlægja allar ágengar plöntur sem ógna líffræðilegum fjölbreytileika svæðisins og gróðurfari þess. Kerfill og aðrar ágengar plöntur hafa breitt úr sér og mikilvægt er að lágmarka eða fjarlægja alfarið útbreiðslu slíkra planta á svæðinu. Þannig má einnig vernda náttúrulegt mólendi sem er kjörlendi fjölmargra dýrategunda. Úttekt fari fram á gróðurfari og dýralíf á svæðinu að lágmarki á tveggja ára fresti. Sjá meðfylgjandi mynd 2 með korti af ágengum gróðri á svæðinu.

*Svar: Í drögum að aðgerðaáætlun er fjallað um ágengar tegundir undir markmiði 3. Í aðgerð nr. 4. segir: „Ágengum plöntutegundum (t.d. skógarkerfli og lúpínu) verði haldið í skefjum á forgangssvæðum, svo sem friðlýstum svæðum í Reykjavík. Tröllahvannir verði upprættar á forgangssvæðum (t.a.m. leiksvæðum) og eftir föngum annars staðar í borgarlandinu." Ábendingunni er vel tekið og er gert ráð fyrir að kerfill við Laugarneshól verði sleginn og áfram verði leitað leiða til þess að halda tröllahvönnum í skefjum á svæðinu. Síðasta náttúrufarsúttekt í Laugarnesi er komin til ára sinna og væri vert að endurtaka hana í kjölfar friðlýsingar svæðisins.*

**4. Sameina friðlýst svæði við Laugarnestanga sem eina heild sem landslagsverndað svæði**
Þess er óskað að friðlýstu svæðin á Lundey, Akurey, Viðey og Laugarnestanga verði sameinuð í eitt landslagsverndað svæði líkt og gert hefur verið með Þingvelli og Þjórsárver. Þannig verði útsýnið varðveitt og svæðið í heild sinni verndað.

*Svar: Laugarnestangi var nýlega friðlýstur skv. lögum um menningarminjar en Lundey og Akurey voru friðlýst skv. lögum um náttúrvernd og af öðrum ástæðum en tanginn. Viðey hefur aftur á móti ekki verið friðlýst en hún er á C-hluta náttúruminjaskrár og nýtur hverfisverndar skv. ákvæðum skipulagslaga. Ekki verður tekin afstaða til hugmyndarinnar í aðgerðaáætluninni að svo stöddu en hún er áhugaverð.*

**5. Bókhald yfir græn svæði í Reykjavík uppfært árlega**
Til þessa hefur Reykjavíkurborg ekki birt heildstætt yfirlit yfir öll græn svæði í borginni. Því er óljóst hvort græn svæði hafi haldist óbreytt eða verið skert milli ára. Laugarnesvinir óska þess að í aðgerðaráætluninni verði ákvæði um að birta skuli árlega yfirlit yfir öll græn svæði, stærð þeirra, flokkun (skrúðgarðar, villt svæði o.s.frv.), og sérkenni. Ef þess er kostur skulu einnig fylgja upplýsingar um áætlaðan gestafjölda helstu svæða og efnahagslegt virði svæðanna sé metið líkt og fasteignamat er framkvæmt fyrir fasteignir í eigu borgarinnar. Einnig séu áhrif metin af röskun og framkvæmdum í jaðri grænna svæða, s.s. landfylling á Laugarnestanga. Einnig ætti að meta fjölda tráa á hverju svæði og möguleika í endurheimt votlendis þar sem við á.

*Svar: Yfirlit um opin svæði eru birt aðalskipulagi borgarinnar undir flokknum „OP".*
*Haldið er utan um gestatölur á sumum opnum svæðum, t.a.m. Grasagarði Reykjavíkur en þær má finna á vef Reykjavíkurborgar.*

*Í drögum að aðgerðaáætlun undir markmiði 3, í umfjöllun um búsvæðaeyðingu segir í aðgerð nr. 1: „Tryggt verði að vistfræðilega mikilvæg svæði minnki ekki að flatarmáli innan þéttbýlis Reykjavíkur. Tryggt verði að yfirborð sem er gegndræpt haldi þeim eiginleikum eins og kostur er. (6.2) <u>Greind verði þróun flatarmáls grænna svæða á síðustu 20 árum</u>." Því er gert ráð fyrir í áætluninni að skoðað verði hvernig græn svæði í borginni hafa þróast á liðnum árum.*

**Land og skógur -** Hilmar Njáll Þórðarson

**1. Fræðsla og þátttaka íbúa**

- Mjög jákvætt að virkja íbúa og nýta tegundaskráningar (citizen science), bæði til gagnaöflunar og til að styrkja tengsl íbúa við náttúru borgarinnar.

*Svar: Tekið er undir það og í þeirri vinnu væri gott að efla samstarf á milli stofnana.*

**2. Gróður í borgarrými**

- Gott að leggja áherslu á fjölbreyttan gróður í borgarrými (undirgróður, runna, fjölæringar, götutré o.s.frv.) og einnig á jaðarsvæðum (t.d. umferðareyjar).
- Land og skógur bendir á að mögulega væri ástæða til að setja skýrari varnagla varðandi tegundaval, fara varlega í klifurplöntur (t.d. bergfléttu) og innfluttar fjölærar tegundir. Huga þarf að áhættumati á tegundavali og forgangsraða staðgróðri þar sem það á við.

*Svar: Ábending um tegundaval er góð en og því skiptir miklu máli að unnið verði frekar að skilgreiningu ágengra tegunda á íslandi og ekki síður tegunda sem gætu verið mögulega ágengar og umgangast ætti af varúð. Orðalag lagfært.*

**3. Skordýraeitur**

- Helst þyrfti að draga skýrar línur um hvort og þá hvenær eigi að nota skordýraeitur.
- Drög að aðgerðaráætlun nefna minni notkun, sem er gott, en ástæða væri til að setja ferlið enn skýrar upp en nú er gert; forvarnir og vistvænar aðgerðir fyrst, efnameðferð aðeins sem síðasta úrræði, og þá markviss og skjalfest notkun, jafnvel með vöktun á áhrifum ef mögulegt er.

*Svar: Ábendingin er góð. Með núverandi umhirðu er afar lítið skordýraeitur og plöntuvarnarefni sjaldan notuð og aðeins við nauðsynlegar aðstæður sem eru tiltölulega sjaldgæfar. Notkun þeirra hefur minnkað mikið á liðnum árum. Fylgst er með magntölum um slíkra efna á milli ára. Gert er ráð fyrir að í tillögu að afgreiðslu Náttúruborgarsamningsins verði aðgerð 2.4 (um að hætta skuli notkun skordýraeiturs og illgresiseyðis, nema í undantekningartilfellum) skoðuð nánar.*

*Orðalag tillögunnar verður lagfært.*

**4. Skilgreining og mæling á líffræðilegri fjölbreytni**

- Vantar stutta skilgreiningu/afmörkun. Er markmiðið fyrst og fremst “fleiri tegundir” eða að styðja við “réttar” tegundir og búsvæði (t.d. fugla, frjóbera, lykilbúsvæði)?
- Gagnlegt væri að tengja þetta skýrar við mælikvarða.

*Svar: Ábendingin er góð, fjallað er um skilgreiningar í stefnu um líffræðilega fjölbreytni í Reykjavík sem aðgerðaáætlunin byggir á en gjarnan mætti bæta við afmörkuninni í aðgerðaáætlunina líka.*

**Náttúrufræðistofnun** – Snorri Sigurðsson

**1. Ánægja með áætlunina**
„Því er fagnað að unnin sé ný aðgerðaáætlun fyrir gildandi stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni og telur Náttúrufræðistofnun áætlunina vera í senn metnaðarfulla og ábyrga og tekur hún á mörgum, mismunandi þáttum sem er í góðu samhengi við breitt efnissvið stefnunnar og málefnisins almennt séð. Ný stefna Íslands um líffræðilega fjölbreytni var samþykkt í upphafi þessa árs og er aðgerðaáætlun í undirbúningi hjá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Meðal markmiða í þeirri stefnu er að efla mikilvægt hlutverk sveitarfélaga. Framlag sveitarfélags eins og þessi aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar er því öflugt og tímabært og styður vel við þetta markmið stjórnvalda. Mikilvægt er að horfa til samræmingar og samstarfs milli markmiða og aðgerða ríkis og sveitarfélaga í málefninu til að tryggja samlegð og auka skilvirkni“

*Svar: Gott að sjá að áætlunin sé í samræmi við áherslur og markmið Íslands í málaflokknum. Ánægjulegt að hún falli vel að hlutverkum sveitarfélaga sem mótum hefur verið í nýrri stefnumótun Íslands.*

**2. Berlin Urban Nature Pact**
Þá lýsir Náttúrufræðistofnun yfir ánægju með þátttöku Reykjavíkurborgar í Náttúruborgarsamningi Belrínar (Berlin Urban Nature Pact) en slíkt alþjóðlegt samstarf getur verið mjög lærdómrsríkt en styður einnig við og hvetur til ýmissa jákvæðra aðgerða hér heima. Gott er að sjá að aðgerðaáætlunin tengir vel við þau markmið sem hafa verið skilgreind í þessu samstarfi.

*Svar: Tekið er undir það enda hefur samstarfið nú þegar skilað sér í aukinni þekkingu og samstarfi við aðrar borgir sem glíma við áþekk verkefni.*

**3. Vöktun lífríkis grundvöllur ákvarðanatöku**
„fyrsta [markmiðið] fjallar um nauðsynlega þekkingu og upplýsingar um líffræðilega fjölbreytni borgarinnar og meðal aðgerða sem eru skilgreindar undir því markmiði má nefna gerð vöktunaráætlunar um lífríki í Reykjavík og gerð samantektar um rannsóknir og vöktunarverkefni sem nú þegar fara fram. Hvoru tveggja er að mati Náttúrufræðistofnunar mjög mikilvægar aðgerðir, sem vissulega krefjast töluverðrar vinnu, en að hafa góða yfirsýn yfir stöðu mála og setja það í samhengi við áætlaða vöktun til framtíðar er grundvöllur árangurs annarra aðgerða áætlunarinnar. Náttúrufræðistofnun er tilbúin til að veita aðstoð og ráðgjöf um bæði þessi verkefni, enda býr stofnunin yfir töluverðum upplýsingum um lífríki í Reykjavík og þekkir vel til rannsóknar- og vöktunarverkefna á svæðinu.“

*Svar: Tekið er undir það mikilvægi og þakkað er kærlega fyrir þá aðstoð sem boðin er fram.*

**4. Mikilvægi endurmats fyrri aðgerða**

*„Meðal annarra aðgerða undir þessu fyrsta markmiði má nefna rannsóknir og endurmat endurmat á áhrifum einstakra aðgerða t.d. endurheimtar votlendis. Náttúrufræðistofnun fagnar þessu því of algengt er að fylgja ekki eftir aðgerðum af þessum toga til að leggja mat á árangur“*

*Svar: Tekið er undir það og þakkað aftur fyrir þá aðstoð sem boðin er fram.*

Reykjavík

### 5. Vernd mikilvægra svæða og endurheimt

„Undir öðru markmiði um að tryggja sterka stöðu líffræðilegrar fjölbreytni í borgarlandinu er að finna mikinn fjölda aðgerða m.a. aðgerðir er snúa að verndun mikilvægra svæða. Náttúrufræðistofnun fagnar áformum um að friðlýsa fjörur við Ægisíðu og Skerjafjörð en stofnunin tilnefndi þær sem hluta af tillögu stofnunarinnar fyrir B-hluta náttúruminjaskrár.“

*Svar: Tekið er undir það sjónarmið.*

„Þá er mjög jákvætt að vinna eigi verndarskilmála eða verndaráætlanir fyrir öll hverfisverndarsvæði.“

*Svar: Tímabært er að endurskoða afmörkun hverfisverndarsvæða og skilgreina nánar verndargildi þeirra og hvernig það verður varðveitt.*

„Hugmyndir um endurheimt strandlengju áhugaverðar og lítil reynsla af slíku hér á landi. Náttúrufræðistofnun hefur áhuga á að fylgjast með og vera í samráði um þær aðgerðir. “

*Svar: Með breytingum á sjávarstöðu og auknum veðurbreytingum má gera ráð fyrir að skoða þurfi slíkar aðgerðir betur. Framboðin aðstoð mun án efa nýtast vel.*

### 6. Fjölgun og efling búsvæða

„Þá er fjöldi aðgerða skilgreindur fyrir fjölgun og eflingu búsvæða, og er þá einkum verið að horfa til þeirra svæða borgarinnar þar sem mest er um manngert búsvæði með notkun ýmissa gróðurlausna. Er það allt jákvætt en huga þarf vandlega að því að ekki séu notaðar tegundir sem geta gerst ágengar og dreifst inn á náttúruleg gróðursvæði.“

*Svar: Þakkað er fyrir góða brýningu varðandi framandi ágengar tegundir. Þar er mikilvægt að leita ráðgjafar sérfræðinga þ.á.m. Náttúrufræðistofnunar.*

### 7. Helstu ógnir (búsvæðaeyðing, mengun, ágengar tegundir og loftslagsbreytingar)

„Varðandi búsvæðeyðingu er einkum um að ræða verklag, væntanlega í skipulagi og framkvæmdum, sem á að tryggja að grænum svæðum fækki ekki of mikið og að sett verði viðmið um mótvægisaðgerðir og endurheimt þegar nýtt land er brotið undir byggð eða mannvirki. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að þetta skili sér á skýran hátt inn í skilmála skipulags á öllum stigum sem unnið er með á vettvangi borgarinnar sem og í framkvæmdaleyfi, leyfi til nýtingar borgarlands og eftirlitsverklagsreglur eins og við á.“

*Svar: Þakkað er fyrir ábendinguna og orðalag verður aðlagað til samræmis.*

### 8. Fræðsla og samstarf við íbúa

„Jákvætt er að skilgreina eigi forgangssvæði [varðandi ágengar tegundir] og einnig að virkja eigi íbúa til aðgerða.“

„Fjórða markmiðið fjallar um fræðslu og eru þar margar áhugaverðar og jákvæðar aðgerðir tilgreindar. Fagnað er nýjungum svo sem mögulegum umhverfisstyrkjum fyrir íbúa til að ráðast í aðgerðir í þágu líffræðilegrar fjölbreytni.“

*Svar: Tekið er undir mikilvægi þess að auka samstarf við íbúa varðandi ágengar tegundir, fræðslu og í tengslum við umhverfisstyrki. Áhugi íbúa á styrkjunum verður kannaður sérstaklega.*

**9. Starfsemi Reykjavíkur**

„Fimmta markmiðið snýr að því að áhersla á líffræðilega fjölbreytni sé vel sýnileg í starfsemi borgarinnar og meðal aðgerða má nefna ýmsar leiðir til þess s.s. nálgun við áætlanagerð, notkun gátlista, beiting umhverfisvottunar, gerð árangursvísa o.fl. Þessar aðgerðir eru sérstaklega mikilvægar að mati Náttúrufræðistofnunar því þær auka eignarhald stefnunnar inni í borgarkerfinu og búa til hvata til að styðja við markmið og aðgerðir hennar.“

*Svar: Mikilvægt er að eignarhald með stefnunni og aðgerðaáætluninni sé dreift og þakkað er fyrir þá brýningu.*

**10. Leiðandi hlutverk Reykjavíkurborgar**

Sjötta og síðasta markmiðið fjallar um leiðandi hlutverk Reykjavíkurborgar og snýr m.a. að stuðningi við önnur sveitarfélög, að greiða fyrir nýsköpunar- og rannsóknarverkefnum á sviði líffræðilegrar fjölbreytni í Reykjavík og þátttöku í alþjóðaverkefnum. Allt eru þetta mikilvægir þættir sem styrkja málstaðinn og getu borgarinnar til að fylgja eftir stefnunni. hvata til að styðja við markmið og aðgerðir hennar.

*Svar: Tekið er undir það sjónarmið.*

**4. Náttúruverndarstofnun -** Þórdís Björt Sigurðardóttir og Hákon Ásgeirsson

**1. Mikilvægt er að skýra hlutverk, ábyrgð og samstarf aðila betur**

Í stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni til ársins 2030 er lögð sérstök áhersla á að efla hlutverk sveitarfélaga og skýra aðkomu þeirra að verkefnum sem varða líffræðilega fjölbreytni. Jafnframt er þar undirstrikað að ríki og sveitarfélög þurfi að skilgreina betur verkaskiptingu og hlutverk hvors aðila, og að fagstofnanir ríkisins gegni mikilvægu hlutverki í upplýsingagjöf, ráðgjöf og leiðbeiningum til sveitarfélaga.

Að mati Náttúruverndarstofnunar væri æskilegt að þetta sjónarmið kæmi skýrar fram í aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar. Nokkrar aðgerðir varða viðfangsefni þar sem ábyrgð, lögbundið hlutverk eða umsjón, er ekki eingöngu hjá Reykjavíkurborg, heldur einnig hjá ríkisstofnunum eða öðrum aðilum. Í slíkum tilvikum er mikilvægt að orðalag aðgerða endurspegli að framkvæmd þeirra og útfærsla fari fram í samráði við viðeigandi ábyrgðaraðila.

Stofnunin leggur því til að almennt verði yfirfarið hvort skýra þurfi betur:

- hver beri ábyrgð á einstökum aðgerðum,
- hvar samráð við ríkisstofnanir eða aðra ábyrgðaraðila sé nauðsynlegt,
- og hvernig samstarfi, hlutverkum og eftirfylgni verði háttað.

*Svar: Þakkað er fyrir góða ábendingu. Í drögum sem auglýst voru til samráðs var ekki tekið fram hver er ábyrgðaraðili hverrar aðgerðar verður eða áætlaður tímarammi fyrir framkvæmd þeirra. Hins vegar er ljóst að fyrir hverja tillögu verður skilgreindur einn ábyrgðaraðili innan borgarkerfisins sem mun fá það hlutverk að greina hlutverk allra þeirra ólíku þátttakenda (t.a.m. stofnana, félagasamtaka og íbúa) sem koma munu að aðgerðunum og er nauðsynlegt að taki þátt til þess að verkefnin verði að veruleika. Orðalag verður uppfært til samræmis við þessa tillögu.*

„Þetta á til dæmis við um aðgerðir undir markmiði 2 þar sem gert er ráð fyrir að bæta aðgengi við friðlýsta svæðið við Háubakka. Slík aðgerð skal vera unnin í nánu samráði við stofnunina og á forsendum verndarmarkmiða svæðisins. Að mati stofnunarinnar ætti því að Náttúruverndarstofnun koma skýrt fram í aðgerðinni að framkvæmd hennar sé háð aðkomu Náttúruverndarstofnunar.“

*Svar: Þakkað er fyrir góða ábendingu. Framkvæmdir við Háubakka eru alltaf háðar samráði, samþykki og leyfi Náttúruverndarstofnunar eftir atvikum. Í aðgerðinni er átt við að unnið verði á grunni þess deiliskipulags sem samþykkt hefur verið við friðlýsta svæðið þar sem miðar að því að auka aðgengi, fræðslu- og upplifunargildi þess. Slíkar útfærslur yrðu aðeins útfærðar í samráði við stofnunina. Orðalag verður uppfært til samræmis við þessa tillögu.*

Sama sjónarmið á við um fleiri aðgerðir sem varða friðlýst svæði, svo sem:

- endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlana á friðlýstum svæðum,
- aðgerðir sem snúa að aðgengi, innviðum og uppbyggingu á friðlýstum svæðum, í mörgum tilfellum þarf leyfi vegna aðgerða hjá viðeigandi stofnunum.
- aðgerðir gegn ágengum tegundum á friðlýstum svæðum,
- og forgangsröðun nýrra verndarsvæða eða mögulegra friðlýsinga.

Náttúruverndarstofnun leggur til að viðkomandi aðgerðir verði orðaðar með þeim hætti að skýrt sé að þær skuli unnar í samstarfi við þá aðila sem fara með lögbundna ábyrgð eða umsjón.

*Svar: Hér eiga í raun sömu sjónarmið við og áður. Reykjavíkurborg og Náttúruverndarstofnun hafa unnið í samstarfi að aðgerðum gegn ágengum tegundum á friðlýstum svæðum í Reykjavík, gerð stjórnunar og verndaráætlana sem og undirbúning nýrra friðlýsinga. Áfram verður unnið að þeim á grundvelli aðgerðaáætlunarinnar. Sjálfsagt er að uppfæra orðalag til samræmi við þessa tillögu.*

**2. Skýra þarf betur hvað felst í vernd og hvernig 30% markmiðið verður útfært**

„Náttúruverndarstofnun telur jákvætt að áætlunin setji fram metnaðarfullt markmið um að 30% borgarlands Reykjavíkur verði vernduð. Mikilvægt er þó að nánar sé skýrt hvernig 30% markmið aðgerðaáætlunarinnar er skilgreint. Sé um að ræða sérstakt markmið Reykjavíkurborgar er æskilegt að það komi fram með skýrum hætti. Ef markmiðið er hins vegar sett fram með vísan til 30% markmiðs samningsins um líffræðilega fjölbreytni þarf að vera ljóst hvaða svæði teljast þar með og hver ekki, þannig að framsetning áætlunarinnar sé í samræmi við þau viðmið sem þar gilda. Ekki er ljóst að hverfisvernd eða önnur sambærileg úrræði uppfylli sjálfkrafa þau viðmið sem gilda í þessu samhengi. Þar sem vinna við greiningu annarra verndarsvæða, þar á meðal mögulegra OECM-svæða (other effective area-based conservation measures), er enn í þróun telur Náttúruverndarstofnun mikilvægt að orðalag áætlunarinnar taki mið af því.“

*Svar: Aðgerðin sem vísað er til er ein af þeim sem skilgreindar eru sem hluti af Náttúruborgarsamningi Berlínar sem Reykjavík er hluti að. Með aðgerðinni er átt við OECM-svæði sem byggir á grundvelli Kumning-Montreal samkomulagsins um að 30% af land, haf- og strandsvæðum verði vernduð fyrir árið 2030. Í dag nýtur um 20% af landsvæði Reykjavíkur einhvers konar verndar á grundvelli friðlýsinga skv. lögum um náttúruvernd, hverfisverndar á grundvelli skipulagslaga og síðan vatnsverndarsvæða sem skilgreind eru í aðalskipulagi á grundvelli laga um stjórn vatnamála.*

*Ljóst er að heimurinn allur er að feta sig áfram varðandi skilgreiningar á OECM svæðum og gætu þar t.a.m. Hverfisverndarsvæði með virkri hverfisvernd mögulega fallið undir slík svæði, sama á við um vatnsverndarsvæði. Hvað varðar hverfisverndarsvæði í Reykjavík er ljóst að kominn er tími á endurskoðun þeirra, bætta skilgreiningu verndargildis og hvernig gildi þeirra verður tryggt til framtíðar.*

*Í Reykjavík eru flest friðlýst svæði borgarinnar innan þéttbýlisins en fá utan þess. Engu að síður eru nokkur utan þéttbýlisins á C-hluta náttúruminjaskrár og á tillögu Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár. Í Blikdal eru stór votlendissvæði, líparítmyndanir í Móskarðshnjúkum eru þær aðgengilegustu í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og einar af fáum í þessum landshluta. Þá hefur Esjan ríkt útivistargildi með fjölbreyttum gróðri. Á öllum þessum svæðum kæmi til greina að skilgreina skýrari vernd í skipulagi borgarinnar.*

*Orðalag tillögunnar verður uppfært.*

**3. Búsvæðavernd**

Tryggja þarf fjölbreytni og vernd búsvæða ábyrgðartegunda og tegunda á válista, t.a.m. mófugla. Mófuglar eiga undir högg að sækja vegna búsvæðaeyðingar af völdum breyttrar landnotkunar og mannvirkjagerð. Margar mófuglategundir teljast ábyrgðartegundir Íslands, sökum þess hve stór hluti Evrópustofns tegundanna verpir hér á landi, og falla undir viðauka við Bernarsamninginn. Sem dæmi má nefna að stofn heiðlóu hefur minnkað um allt að 40% á síðustu 15 árum og stofn spóa um 35% á síðustu 20 árum. Í þessu samhengi getur Reykjavíkurborg gegnt mikilvægu hlutverki með því að leggja sérstaka áherslu á vernd og viðhald opinna búsvæða innan borgarlandsins í aðgerðaáætlun sinni, þar sem slík svæði geta haft verulegt gildi fyrir

ábyrgðartegundir og aðrar fuglategundir sem reiða sig á mólendi, graslendi, votlendi og önnur lítt röskuð búsvæði.

*Svar: Þakkað er fyrir góða ábendingu. Orðalag aðgerðar 2.c.10 um umhirðu borgarlands verður uppfært þannig hún nái betur um ábyrgðartegundir og ólík búsvæði.*

**4. Jákvætt er að fjallað sé um endurheimt, ágengar tegundir og strandsvæði**
Náttúruverndarstofnun telur jákvætt að áætlunin fjalli með markvissum hætti um ágengar tegundir, endurheimt búsvæða og vernd og endurheimt strandsvæða. Þetta eru mikilvæg viðfangsefni í borgarlandi Reykjavíkur og geta haft veruleg áhrif á stöðu líffræðilegrar fjölbreytni.

Náttúruverndarstofnun bendir á eftirfarandi aðgerðir sem hægt væri að bæta við áætlunina:

- að setja fram markmið fyrir upprætingu minks, t.a.m. með eyrnamerktu fjármagni í málaflokkinn, starfsgildis eða hlutfall starfsgildis, kortlagningu o.s.frv. Nú stefnir í að eina minkabú landsins verði í Mosfellssveit og því er mikilvægt að Reykjavík og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu haldi vel utan um þessi mál.

- að forðast skuli að gróðursetja erlendar tegundir trjáa og plantna sem hafa sýnt tilhneigingu til mikillar sjálfsáningar og þar með ágengni, svo sem stafafuru og garðmaríustakk, á náttúruverndarsvæði. Einnig þarf að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu þeirra.

*Svar: Reykjavíkurborg rekur Dýraþjónustu Reykjavíkur (DÝR) sem sér um meindýravarnir í borginni, þ.á.m. minkaveiðar. Mikilvægt er að gott samstarf sé á milli dýraþjónustunnar og annarra eininga Reykjavíkurborgar t.a.m. þegar kemur að því að halda minknum í skefjum.*

*Varfærið tegundaval t.a.m. í skógrækt skiptir máli. Reykjavíkurborg hefur beðið eftir að gefið verði út áhættumat fyrir tegundaval í skógrækt. Þar til þau verða gefin er almenn þumalfingursregla að forðast skuli tegundir sama hafa verið metnar ágengar eða mögulega ágengar í nágrannalöndum okkar (sjá NOBANIS gagnagrunninn). Á náttúruverndarsvæðum verður áfram gert ráð fyrir góðu samstarfi við Náttúruverndarstofnun þegar kemur að aðgerðum gegn ágengum tegundum.*

**5. Aðgerðir gegn loftslagsbreytingum**
Náttúruverndarstofnun fagnar því að aðgerðum verði forgangsraðað eftir því hvernig þær styðja við líffræðilega fjölbreytni. Í því samhengi þarf sérstaklega að hafa í huga opin svæði og náttúruleg eða hálfnáttúruleg búsvæði sem geta haft mikið gildi fyrir líffræðilega fjölbreytni, þar á meðal fyrir ábyrgðartegundir sem reiða sig á opin búsvæði og mikilvægt að slík svæði njóti verndar og að þau séu ekki tekin undir loftslagsaðgerðir sem kunna að rýra vistfræðilegt gildi þeirra.

Náttúruverndarstofnun telur einnig jákvætt að, við val á trjám-, runnum- og öðrum plöntutegundum verður loftslagsþol og fjölbreytni tegunda haft að leiðarljósi og sérstaklega að lögð verður áhersla á innlendar tegundir.

*Svar: Þakkað er fyrir góða ábendingu.*

**6. Fræðsla og almenningsmiðlun er mikilvægt sameiginlegt verkefni**
Náttúruverndarstofnun fagnar þeirri ríku áherslu sem lögð er á fræðslu, menntun og þátttöku íbúa í aðgerðaáætluninni. Það er í góðu samræmi við stefnu stjórnvalda þar sem fram kemur að ábyrgð á almenningsfræðslu um líffræðilega fjölbreytni sé víða, þar á meðal hjá fagstofnunum ríkisins, sveitarfélögum, náttúrustofum, skólum og söfnum.

Að mati stofnunarinnar væri gagnlegt að skoða sérstaklega samstarf við borgina um fræðslu og miðlun sem tengist friðlýstum svæðum, verndargildi þeirra, umgengni og mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni í borgarlandinu.

*Svar: Reykjavíkurborg er reiðubúin áframhaldandi góðs samstarfs við Náttúruverndarstofnun og þar eru mikil tækifæri fólgin í miðlun til almennings og fræðslu.*

**Skógræktarfélag Reykjavíkur -** Auður Elva Kjartansdóttir

**1. Alþjóðlegar skuldbindingar**
„Skógræktarfélag Reykjavíkur (SR) fagnar framlagðri aðgerðaáætlun. Það er fagnaðarefni að sjá metnaðarfull markmið á borð við 3-30-300 regluna , markmið um fjölgun og eflingu grænna svæða í gróinni byggð og skuldbindingar gagnvart alþjóðlegum yfirlýsingum, svo sem Berlin Urban Nature Pactii, áskorun UNECE um Tré í borgum (Trees in Citiesiv) og Bonn-áskoruninni um endurheimt skógarvistkerfa í þágu loftslags, lífríkis og manna . Þó telur félagið að áætlunin sé um sumt of varkár og óskýr, og sums staðar áherslur of þröngar, til þess að hún nýtist sem skyldi við stefnumótun í óbreyttri mynd."
*Svar: Þakkað er fyrir brýninguna*

**2. Vísitala fyrir tegundafjölbreytni**
„Skógræktarfélag Reykjavíkur leggur til að Reykjavíkurborg skilgreini jafnframt mælanlega vísitölu fyrir tegundafjölbreytni í borgarskógum og grænum svæðum, þar sem m.a. er tekið mið af fjölbreytni trjátegunda, lagskiptingu gróðurs og búsvæðum fyrir fugla, skordýr og annað lífríki. Jafnframt væri æskilegt að borgin setti sér markmið um uppbyggingu tegundafjölbreyttra skógarvistkerfa í útmörkum og stærri grænum svæðum borgarinnar sem hluta af langtímaaðgerðum til að styrkja líffræðilega fjölbreytni."
*Svar: Hugmyndin um gerð vísitölu fyrir tegundafjölbreytni en fjölbreytni í notkun tegunda á skógræktarsvæðum er áhugaverð og mikilvæg eins og vikið er að í umsögninni. Hún gæti þó reynst nokkuð slungin í framkvæmd og ratar því ekki í áætlunina að þessu sinni en verður skoðuð nánar.*

**3. Umhirða borgarlands**
„Greina þarf á milli þess sem þjónar því að ná fram „sterkri líffræðilegri fjölbreytni" Reykjavíkur og þess sem kann að hugnast sem flestum íbúum borgarinnar. Sem dæmi má nefna, að þorra íbúanna gæti líkað betur við grasflatir sem slegnar eru á umferðareyjum og grasflötum borgarinnar ótt og títt öll sumur en mislíkað við sömu grasflatir sem látnar eru fara „í órækt" og þar sem öflugur, villtur gróður og lífríki nær sér á strik. Með því er ekki hægt að segja að slegnar og „snyrtilegar" grasflatir séu vistkerfi sem þjóni endilega betur hagsmunum líffræðilegrar fjölbreytni. Að sönnu er „órækt" hentugri fyrir lífríki (fugla, smádýr) og fjölbreytni plantna en margslegin grasflöt – sem segja má að sé vistkerfi sem býr við ógnarstjórn."
*Svara: Tekið er undir brýninguna um mikilvægi þess að hugað sé að líffræðilegri fjölbreytni við umhirðu borgarlandsins og skilgreiningu á umhirðustigi. Þar skiptir fræðsla miklu máli.*

**4. Bonn áskorunin og birkiskógar**
„Styrkja má áætlunina verulega þegar kemur að markmiði 2.B.6. Lítið er fjallað um mikilvægi þess að koma á fót nýjum, skógi vöxnum útivistarsvæðum nema hvað varðar „endurheimt birkiskóga" – og þá einungis með því að „kanna eigi möguleikana" á slíkri endurheimt. Orðalaginu „Möguleikar á aukinni ræktun birkiskóga í útmörk verði skilgreindir í tengslum við Bonn áskorunina" má auðveldlega breyta í „Möguleikar á aukinni ræktun skóga í útmörk verði skilgreindir í tengslum við Bonn áskorunina" án þess að það skaði styrk eða inntak né brjóti gegn markmiðum áskorunarinnar (sjá nánar lið 2 hér á eftir)." „Í því samhengi vekur félagið athygli á því að í Heiðmörk er að finna eina náttúrulega (þ.e. upprunalega og sjálfgróna) birkiskóginn í Reykjavík, sem Skógræktarfélag Reykjavíkur varðveitir og annast. Þessi staðreynd ætti að fá skýrari umfjöllun í gögnum borgarinnar þegar fjallað er um stöðu og framtíð birkiskóga á höfuðborgarsvæðinu."
*Svar: Á vef Stjórnarráðsins og eldri vef Skógræktarinnar er fjallað um að meginmarkmið verkefna á Íslandi sem falla undir Bonn-áskorunina skuli miða að endurheimt birkiskóga. Með hliðsjón af því og þeirri staðreynd hversu fáir birkiskógar eru eftir í Reykjavík, líkt og bent er á, er því kjörið*

*tækifæri að kanna nánar þá möguleika sem kunna að vera til staðar við endurheimt þeirra í sambland við þá fjölbreytti skógrækt sem stunduð hefur verið í og umhverfis Reykjavík í áratugi. Skógræktaráætlun fyrir Reykjavík er væntanleg á næstu mánuðum en hún mun m.a. fjalla nánar um framtíðar möguleika til skógræktar í Reykjavík og hvernig skuli undirbúa slík verkefni.*

**5. Skráning götutrjáa og vernd eldri trjágróðurs**
„Áætlunin gerir ráð fyrir skráningu götutrjáa (tegund, aldur, heilsa). Skógræktarfélag Reykjavíkur fagnar þessari áherslu. Félagið hefur í áratugi unnið að uppbyggingu borgarskóga og gróðursetningu trjáa á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við Reykjavíkurborg. […] Ekki er samt nóg að skrá tré; jafnframt þarf að tryggja vernd þeirra trjáa sem eru af sjaldgæfum tegundum eða hafa sérstakt landslags- og vistfræðilegt gildi, þ.á.m. skjóláhrif, og setja mikinn svip á umhverfi sitt. Einnig væri æskilegt að borgin skoði leiðir til að skapa hvata fyrir lóðarhafa til að varðveita eldri tré í borgarlandslaginu og setji skýrari reglur og viðurlög við því að tré séu felld að óþörfu, enda veita þau mikilvæga vistkerfisþjónustu sem erfitt er að endurskapa þegar þau hafa verið fjarlægð“
*Svar: Tekið er undir brýninguna. Reykjavíkurborg hefur óskað eftir því að íbúar sæki um leyfi til trjáfellinga stærri og eldri trjáa. Varðandi sérstöðu tegunda og vernd þeirra vantar að sumu leiti skýrari löggjöf en engu að síður er mikilvægt að sveitarfélög nýti þau tækifæri sem eru í skipulagslögum til verndar mikilvægra trjáa.*

**6. Tegundaval nálægt sjó**
„Í því samhengi mætti einnig huga að aukinni ræktun saltþolinna trjátegunda við strandsvæði borgarinnar, svo sem við Ægissíðu og í Skerjafirði, þar sem trjágróður getur bæði styrkt líffræðilega fjölbreytni og veitt náttúrulega vörn gegn ágangi sjávar, öldugangi og fátíðum hafnarbylgjum“
*Svar: Hugmyndin er áhugaverð og mætti skoða nánar hvaða strandsvæði kæmu til greina og sömuleiðis hvaða trjátegundir.*

**7. Staða skóga í skipulagi**
„Þegar búið er að koma á fót ungskógi, er mikilvægt að með nýskógræktinni sé ekki aðeins tjaldað til einnar nætur; að ræktaði skógurinn komist af bernskuskeiði og fái tækifæri til að verða að þroskuðu skógarvistkerfi“. Nefnd eru dæmi um trjáfellingar eða mögulegar trjáfellingar í Öskjuhlíð, Höllum, Elliðaárdal og iðnaðarhverfi á Hólmsheiði.
*Svar: Brýningin er þörf og mikilvægt er að við hönnun hins byggða umhverfis sé tekið tillit til þess gróðurs sem fyrir er og reynt sé að vernda hann eins og kostur er.*

**8. Vistkerfisþjónusta**
„Skráningin ætti einnig að ná yfir sem fjölþættasta vistkerfisþjónustu. Hve mikið skjól veitir tréð (umferð /rok)? Er það hýsill fyrir fléttur eða skordýr? Forgangsraða ætti verndun eldri trjáa (veteran trees), þar sem líffræðilegt gildi þeirra eykst með veldisfalli með aldrinum.“
*Svar: Þörf er á að borgin fái betra yfirlit um þau tré sem eru í borgarlandinu, sérstaklega götutré innan þéttbýlisins – t.a.m. vegna umhirðu þeirra og tímanleg útskipti áður en þau renna sitt skeið á enda. Þegar betri reynsla er komin á slíka skráningu væri vert að skrá vistkerfisþjónustu þeirra sem, líkt og bent er á, er bæði mikilvæg og fjölbreytt.*

**9. Landgræðsla og endurheimt landgæða**
„Á útmörkum Reykjavíkur, til dæmis á Geldinganesi og Álfsnesi, er víða að finna rofabörð og mjög rýrt land þar sem jarðvegseyðing hefur átt sér stað um langan tíma. Slík svæði gætu hentað vel til markvissrar uppbyggingar gróðurs og skógarvistkerfa þar sem markmiðið væri bæði að stöðva rof, bæta jarðveg og skapa ný búsvæði fyrir lífríki til framtíðar.“
*Svar: Hugmyndin er áhugaverð og vert væri að skoða nánar hvar slík tilraun gæti farið fram.*

**10. Fjölbreyttur gróður og loftslagsþol**
„Hættan af því að einblína á „endurheimt birkiskógavistkerfa“ (að endurreisa skógarvistkerfi – með sömu tegundasamsetningu og hurfu að mestu af Íslandi i kjölfarlandnáms á 9. öld) sem aðgerð í að auka þekju skóga er sú að ræktun skóga einnar tegundar (birkis) leiðir mögulega til minni seiglu skógarvistkerfa til framtíðar, ekki síst í ljósi fyrirsjáanlegra loftslagsbreytinga af mannavöldum. Skiptir þá litlu eða engu – ef tryggja á seiglu - hvort þessi eina trjátegund er innlend eða framandi, eða hvort hún hefur lifað af íslenska veðráttu um lengri eða skemmri tíma. Umhverfisaðstæður fyrir lífríkið munu gerbreytast við 1,5-3°C hitaaukningu í öllum mánuðum ársins, svo ekki sé talað um enn meiri hitaaukningu sem sumar spár gera ráð fyrir.“
*Svar: Þakkað er fyrir góða ábendingu. Ein af aðgerðum áætlunarinnar er að notaðar verði loftslagsþolnar tegundir í auknum mæli. Birtingarmynd breytts loftslags í Reykjavík eru þó nokkrum vafa undin orpnar. Áfram verður lagt til að endurheimt birkiskóga verði greind en á sama tíma að verði farið í fjölbreytta skógrækt á forsendum útivistar og notaðar verði loftslagsþolnar tegundir.*

**11. 3-30-300 reglan og lóðarhafar** (Markmið 2.C.1)
„Þessi regla er frábær, gegnsær og einfaldur mælikvarði (3 tré sýnileg, 30% laufþekja í hverfi, 300m í skógi vaxið útivistarsvæði). Nýlegar rannsóknir á borgargróðri sýna jafnframt að slíkir grænir innviðir tengjast beint bættri lýðheilsu, minni streitu og aukinni vellíðan íbúa, sem styrkir enn frekar mikilvægi þess að innleiða regluna markvisst í borgarskipulagi. Samkvæmt nýlegri rannsókn á borgarskógi Reykjavíkur er meðal-laufþekja borgarinnar um 15%, sem undirstrikar að enn er verulegt svigrúm til að efla trjágróður og nálgast markmið 3-30-300 reglunnar . Í markmiði 2.C.9. kemur fram: „Laufþekja verði að lágmarki 10% í hverju hverfi Reykjavíkur. Ekki verði notaðar ágengar tegundir til þess að ná því markmiði (4.2). Í markmiði 3 (Ágengar tegundir) er m.a. kveðið svo að orði: „Framandi ágengar tegundir í borgarlandinu verði skilgreindar og gripið til aðgerða gegn þeim í mikilvægisröð. Hafnar verða aðgerðir gegn helmingi tegundanna (2.5)“. Reykjavíkurborg er stjórnvald sem ber skv. stjórnsýslulögum að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því (10.gr. „Rannsóknarreglan“). 8 Í þessu samhengi er mikilvægt að vara við þeirri hættu að umræðan um ágengar plöntutegundir, þar á meðal sumar trjátegundir, einkennist af upplýsingaóreiðu eða ýktum áhyggjum“
*Svar: Því miður hefur umræða um framandi ágengar tegundir verið ómarkviss í lengri tíma. Hér er aðeins átt við nýrækt sem borgin fer í á sinn kostnað í almannarými en ekki innan lóða. Þar gengur hún á undan með góðu fordæmi. Alþjóðlegar skilgreiningar á framandi ágengum tegundum og mögulega ágengum tegundum verða notaðar þegar þar að kemur og samráð við helstu fagstofnanir um málefni þeirra.*

„Áætlunin þarf að hvetja einkagarða og fyrirtæki til þátttöku. Skógrækt í þágu fjölbreytni gerist ekki bara á vegum borgarinnar; hún þarf að eiga sér stað í húsagörðum þar sem „skógarkenndur“ gróður (strúktúr í mörgum hæðum) er hvattur áfram í stað sléttra grasflata.“
*Svar: Mikil tækifæri eru til aukinnar skógræktar innan lóða. Greina þarf nánar hvaða leiðir eru færar til þess að virkja íbúa, fyrirtæki og lóðarhafa til þátttöku í slíkum verkefnum.*

**12. Ágengar tegundir**
„Í 1. grein kaflans um „ágengar tegundir“ er mælt fyrir um að framandi ágengar tegundir í borgarlandinu verið „skilgreindar,“ að gripið verði til aðgerða gegn þeim í mikilvægisröð og að hafnar verði aðgerðir gegn helmingi þeirra tegunda. Enn fremur er í 2. grein sagt að aflað verði gagna um mögulega ágengar tegundir og forðast að nota þær í borgarlandinu. Þótt ákvæðin hljómi skynsamlega vaknar sú spurning hvort nægur lagagrundvöllur sé fyrir þeim aðgerðum sem kunna að fylgja, ef og þegar þessi áform koma til framkvæmda. Samkvæmt lögmætisreglu stjórnsýsluréttar mega stjórnvöld ekki grípa til íþyngjandi ráðstafana gagnvart borgurunum nema

skýr heimild sé til þess í lögum og stjórnarskrá, sérstaklega þegar um er að ræða aðgerðir á einkalóðum“
*Svar: Líkt og áður var nefnt verður aðeins gripið til aðgerða í borgarlandi á grundvelli þessarar áætlunar. Þörf er á skýrari skilgreiningu á hvaða tegundir teljist ágengar og mögulega ágengar á Íslandi, betra utanumhald um málaflokkinn og leiðbeiningu frá öðrum stjórnvöldum og fagstofnunum. Ekki er mælt fyrir um aðgerðir innan lóða heldur í borgarlandi þar sem sveitarfélagið mun ganga fram með góðu fordæmi.*

„Efnin (s.k. furanocoumarin) sem er að finna í safa blaða og stöngla tröllahvanna geta vissulega valdið sólbrúna á berskjaldaðri húð og eðlilegt er, að plöntur sem valdið geta sólbruna hjá börnum séu ekki hafðar þar sem börn eru að leik að sumarlagi. En þau efni eru ekki bundin við einstakar tegundir af Heracleum-ættkvíslinni. Fólk þarf að fara gætilega að ætihvönn eða geithvönn á sólríkum sumardögum (þótt þær séu gamalgrónar í íslensku flórunni) og fara varlega að gulrótum, selleríi og steinselju. Þótt þær séu étnar af mannfólki þar sem þau valda ekki brunasárum innvortis, þó ofanjarðarvöxturinn geti verið húð fólks skeinuhættur í sterku sólskini. Mannfólk verður, þegar sól er hátt á lofti, að umgangast plöntur af sveipjurtaætt af varúð, hvort sem þær plöntutegundir eru innfluttar eða framandi. Þarfara mál og árangursríkara er að fræða en að hræða.“
*Svar: Því miður hafa komið upp alvarleg slys í Reykjavík þar sem þessar plöntur hafa valdið líkamstjóni á íbúum og ógnað heilsu íbúa. Þessar tegundir gætu því fallið undir skilgreiningu SÞ um framandi ágengar lífverur. Tröllahvannir eru þekktir skaðvaldar í nágrannalöndum okkar Noregi og Danmörku. Þá falla þær tegundir undir áðurnefnda reglugerð nr. 583/2000. Furanocoumarin efni finnast í fleiri tegundum af sveipjurtaætt en þar skiptir þó magn safans máli og styrkur efnanna í honum. Því skiptir máli að þessar tegundir séu fjarlægðar t.a.m. af leiksvæðum barna og reynt sé að hamla útbreiðslu þeirra eftir fremsta megni.*

„Einnig virðist sem gleymst hafi í þessum hluta áætlunarinnar að fjalla um ýmsa þá innfluttu skaðvalda og sjúkdóma á trjágróðri og öðrum plöntum sem hér hafa verið að nema land á undanförnum árum og sem valdið hafa skaða á líffræðilegri fjölbreytni. Nægir þar að nefna sem dæmi nýlega skaðvalda á birki (birkiþélu og birkikembu) eða asparglyttu á gulvíði og fleiri víðitegundum. Þessar lífverur hljóta að falla undir hugtakið „framandi ágengar lífverur.“
*Svar: Nýir skaðvaldar á gróðri geta svo sannarlega verið eða orðið framandi ágengar lífverur. Hins vegar vantar betri skilgreiningar á því hvaða tegundir um er að ræða og hvernig er hægt að grípa til aðgerða gegn þeim. Því er ekki fjallað sérstaklega um þær í þessari áætlun en allar hugmyndir væru vel þegnar í þeim efnum.*

# Náttúrulega Reykjavík!

## Aðgerðir 2026-2030



Reykjavík

# Aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni 2026-2030

**Náttúrulega Reykjavík** er aðgerðaáætlun Reykjavíkur um líffræðilega fjölbreytni 2026–2030 og tekur við af eldri áætlun. Henni er ætlað að innleiða markmið úr gildandi stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni og skiptist í 80 fjölbreyttar aðgerðir.

Stefnan skiptist í sex yfirmarkmið um:

1. **Að upplýsingar um líffræðilega fjölbreytni í Reykjavík séu skráðar og greindar.**
2. **Að búsvæði í borginni séu vernduð og þau efld.**
3. **Að unnið sé gegn helstu ógnum líffræðilegrar fjölbreytni.**
4. **Að fræðsla um líffræðilega fjölbreytni fari fram með víðtækum hætti.**
5. **Að lögð sé áhersla á líffræðilega fjölbreytni í allri starfsemi Reykjavíkurborgar.**
6. **Að borgin sé leiðandi á því sviði.**

Í áætluninni eru auk þess  skilgreindar þær aðgerðir sem Reykjavíkurborg ætlar að innleiða úr Náttúruborgarsamningi Berlínar (Berlin Urban Nature Pact) sem Reykjavíkurborg undirritaði í október 2025. Þær eru auðkenndar sérstaklega í stefnunni.

Líffræðileg fjölbreytni og velferð hennar er með allra brýnustu umhverfismálum samtímans þar sem hún er undirstaða lífs okkar á jörðinni og mótar gjarnan bæði lífsgæði og hamingju, ekki síst í borgum þar sem náttúra getur verið af skornum skammti.

Hugtakið vísar til margbreytileika lífríkisins á öllum skipulagsstigum, allt frá einstaklingum og einstaka tegundum til samfélaga og vistkerfa. Reykvíkingar deila borg sinni með ótal lífverum, allt frá álftum til hunangsflugna og birkitrjám til kuðungakrabba. Innan borgarmarkanna finnast mörg sérstæð, verðmæt og viðkvæm vistkerfi, leirur, fjörur og alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði; straumvötn með laxfiskum, mosavaxin hraun, fjalllendi og lundavarp í eyjum. Þar að auki er hið byggða umhverfi auðugt af lífi; syngjandi fuglum og gróskumiklum, skjólveitandi gróðri.

Án alls þessa væri borgin án efa fátækari og til mikils að vernda þau gæði.

Áætlunin var unnin af starfshópi skipuðum af sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs en hann hélt bæði vinnustofu um aðgerðirnar og óskaði eftir umsögnum um þær í samráðsgátt.

**Í starfshópnum sátu:**

- Benedikt Traustason, skrifstofu umhverfisgæða.
- Anna Kristín Einarsdóttir, skrifstofu framkvæmda- og fasteignaþjónustu.
- Britta Magdalena Ágústsdóttir, skrifstofu skipulags- og byggingarmála.
- Hjörtur Þorbjörnsson, Grasagarði Reykjavíkur.
- Marta Guðrún Daníelsdóttir, skrifstofu borgarlands.
- Þórólfur Jónsson, skrifstofu umhverfisgæða.



# MARKMIÐ 1

## Að upplýsingar um líffræðilega fjölbreytni í Reykjavík séu skráðar og greindar

| Aðgerðir | Ábyrgðaraðili | Tímarammi |
|---|---|---|
| 1. **Gerð verði vöktunaráætlun um lífríki í Reykjavík** og framkvæmdar verði grunnrannsóknir í samræmi við hana. Fjallað verði um hvaða vistgerðir, tegundir og vistkerfisþætti skuli vakta, í hvaða tilgangi og hversu oft. Í vöktunaráætlun verði fjallað um lykiltegundir eða lykilbúsvæði, forgangsvistgerðir og breytingar á útbreiðslu framandi ágengra tegunda. Kannað verði hvort hægt sé að nýta athuganir íbúa til gagnaöflunar. | Skrifstofa umhverfisgæða | 2026 |
| 2. **Unnin verði samantekt á þeim rannsóknum og vöktunarverkefnum** sem eiga sér stað í dag, hver annast þau og hvernig hægt er að nálgast niðurstöður þeirra. | Skrifstofa umhverfisgæða | 2027 |
| 3. **Gögn um líffræðilega fjölbreytni verði gerð aðgengilegri**, bæði á vef og í borgarvefsjá (t.a.m. um mikilvæg svæði fyrir líffræðilega fjölbreytni, vistgerðir, sérstaka vernd náttúruminja, o.s.frv.). Skráning gagna og vistun rannsóknarskýrslna verði samræmd. | Skrifstofa umhverfisgæða | 2027 |
| 4. **Niðurstöðum rannsókna verði komið betur á framfæri**, bæði innan og utan Reykjavíkurborgar við íbúa og starfsfólk. | Skrifstofa umhverfisgæða | Reglulegt |
| 5. **Götutré í borgarlandinu verði skráð í gagnagrunn** ásamt lykilbreytum (s.s. tegund, aldur, heilsa). Skoðað verði að bæta skráningu beða, undirgróðurs og gróðurlenda sem þarf að vernda. | Skrifstofa borgarlandsins | 2030 |
| 6. **Gerðar verði rannsóknir og endurmat á áhrifum einstakra aðgerða í áætluninni**, t.a.m. viljandi villt, endurheimtar votlendis og blágrænna ofanvatnslausna. Ástand svæða sé skráð áður en farið er í framkvæmdir. | Skrifstofa umhverfisgæða | Reglulegt |



# MARKMIÐ 2

## Að staða líffræðilegrar fjölbreytni í borgarlandinu sé sterk

### a VERNDUN

| Aðgerðir | Ábyrgðaraðili | Tímarammi |
|---|---|---|
| 1. **Þrjátíu prósent af borgarlandi Reykjavíkur verði vernduð** t.a.m. með virkri hverfisvernd, vatnsvernd eða friðlýsingum (OECM viðmið verði notuð eins og kostur er). (2.2) | Skrifstofa umhverfisgæða | 2030 |
| 2. **Fjara við Ægisíðu og Skerjafjörð verði friðlýst** í samstarfi við hagaðila. | Skrifstofa umhverfisgæða | 2030 |
| 3. **Afmörkun núverandi hverfisverndarsvæða verið endurskoðuð** í aðalskipulagi og unnir verði verndarskilmálar eða verndaráætlanir fyrir þau. Greint verði hvernig auka megi samstarf við íbúa á hverfisverndarsvæðum. | Deild aðalskipulags | 2028 |
| 4. **Unnin verði forgangsröðun fyrir friðlýsingu nýrra verndarsvæða**, m.a. með hliðsjón af verndargildi vistgerða í samstarfi við Náttúruverndar- og Náttúrufræðistofnun. | Skrifstofa umhverfisgæða | 2030 |
| 5. **Aðgengi við náttúruvættið Háubakka verði bætt** í samstarfi við Náttúruverndarstofnun samhliða gerð nýs grunnskóla á Fleyvangi og endurgerð götu um Súðavog. | Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu | 2030 |
| 6. **Fyrri fundarstaðir plöntutegunda á válista og friðlýstra tegunda verði endurskráðir** í samstarfi við Náttúrufræðistofnun. | Skrifstofa umhverfisgæða | 2029 |
| 7. **Grænir ásar og tengingar á milli búsvæða** verði efldar í samræmi við Græna netið. | Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu | Reglulegt |
| 8. **Grænum tengingum milli svæða verði gert hærra undir höfði við skipulagsgerð.** Gerðar verði greiningar á búsvæðatengingum í þéttbýli (2.3), t.d. við Hverfisskipulagsgerð. | Skrifstofa skipulags- og byggingarmála | Reglulegt |



# MARKMIÐ 2

## Að staða líffræðilegrar fjölbreytni í borgarlandinu sé sterk

### b ENDURHEIMT

| Aðgerðir | Ábyrgðaraðili | Tímarammi |
|---|---|---|
| 1. **Gert verði endurmat á votlendisaðgerðum í Úlfarsárdal** og gripið til frekari aðgerða eftir þörfum. Möguleikum til endurheimtar votlendis á öðrum svæðum verði forgangsraðað. | Skrifstofa umhverfisgæða | 2029 |
| 2. **Gerðar verði tilraunir með endurheimt búsvæða** með strandgróðri þar sem sjór gengur á land. | Skrifstofa umhverfisgæða | 2029 |
| 3. **Strandsvæði Reykjavíkur verði kortlögð** eftir verndargildi, raski og möguleikum til endurheimtar. Við hönnun sjóvarnargarða verði horft til þeirra búsvæða sem eru til staðar, náttúrumiðaðra lausna og möguleika endurheimtar. | Skrifstofa umhverfisgæða | 2028 |
| 4. **Gömul sláttusvæði verði endurhönnuð, gróðursett í þau eins og við á** og upplýsingum um verkefnin miðlað. | Skrifstofa borgarlandsins | Reglulegt |
| 5. **Fyrri aðgerðum sem styðja við kríuvarp í Vatnsmýri** verði fylgt eftir og gripið verði til aðgerða eftir þörfum. | Skrifstofa umhverfisgæða | Reglulegt |
| 6. **Möguleikar á aukinni ræktun birkiskóga á útmörkum** verði skilgreindir í tengslum við Bonn-áskorunina. Samspil á milli stefnu um líffræðilega fjölbreytni og umhirðu útmerkur verði greint. | Skrifstofa borgarlandsins | 2027 |





# MARKMIÐ 2

## Að staða líffræðilegrar fjölbreytni í borgarlandinu sé sterk

### C FJÖLGUN OG EFLING BÚSVÆÐA

| Aðgerðir | Ábyrgðaraðili | Tímarammi |
|---|---|---|
| 1. **3-30-300 reglan verði staðfærð fyrir íslenskar aðstæður** og skilgreind verði markmið út frá henni fyrir Reykjavík. Íbúar búi í göngufjarlægð við græn svæði og ekki fjær en 300 m. (4.4) | Deild aðalskipulags | 2028 |
| 2. **Gerð verði forgangsröðun fyrir fjölgun og eflingu grænna svæða í gróinni byggð.** | Skrifstofa umhverfisgæða | 2027 |
| 3. **Grænum þökum og veggjum á byggingum og öðrum mannvirkjum verði fjölgað.** Gerð verði greining á þeim grænu þökum og veggjum sem fyrir eru, fyrirmyndir dregnar fram og hvaða lærdóm megi draga af fyrri verkefnum. | Skrifstofa skipulags- og byggingarmála | 2028 |
| 4. **Notaður verði fjölbreyttur gróður í borgarrýminu,** allt frá undirgróðri til götutrjáa, t.d. með notkun á klifurplöntum, runnum og fjölæringum. Notaður verði fjölbreyttur gróður á jaðarsvæðum t.d. umferðareyjum t.a.m. með tilraunum með úthagaþökur og mólendisgróður. Stutt verði við gróður sem fyrir er og notast við staðgróður þar sem við á. Forðast verði að nota ágengar tegundir. | Skrifstofa borgarlandsins | Reglulegt |
| 5. **Hólmum í Reykjavíkurtjörn verði fjölgað til þess að styrkja fuglalíf.** | Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu | 2026 |
| 6. **Stutt verði við fuglalíf m.a. með aukinni gróðursetningu trjáa og runna sem mynda ber.** Fuglahúsum og setpöllum á grænum svæðum verði fjölgað. Kannað verði hvort bæta megi við hólmum á tjörnum í borgarlandinu. | Skrifstofa borgarlandsins | Reglulegt |





# MARKMIÐ 2

## Að staða líffræðilegrar fjölbreytni í borgarlandinu sé sterk

### C FJÖLGUN OG EFLING BÚSVÆÐA

| Aðgerðir | Ábyrgðaraðili | Tímarammi |
|---|---|---|
| 7. **Að lágmarki verði eitt tré í almenningsrýmum Reykjavíkur fyrir hverja sex íbúa.** (4.1) | Skrifstofa umhverfisgæða | 2030 |
| 8. **Laufþekja verði að lágmarki 10% í hverju hverfi Reykjavíkur.** Ekki verði notaðar ágengar tegundir til þess að ná því markmiði. (4.2) | Skrifstofa umhverfisgæða | 2030 |
| 9. **Gerðar verði leiðbeiningar um gróðursetningu og umhirðu götutrjáa.** Dregið verði úr jarðvegsþjöppun í kringum tré í þéttbýli til að tryggja heilsu þeirra og eðlilegan vöxt. Gefnar verði út leiðbeiningar um framkvæmdir nærri götutrjám. (6.3) | Skrifstofa borgarlandsins | 2027 |
| 10. **Umhirða 25% grænna svæða í borgarlandinu verði á forsendum líffræðilegrar fjölbreytni** (t.a.m. með minni lágmörkun á notkun skordýraeiturs, eflingu búsvæða fyrir frjóbera, hæfilegum grasslætti og notkun innlendra tegunda eftir föngum). (4.5) Hugað verði að búsvæðum ábyrgðartegunda, s.s. mófugla, eftir því sem við á. | Skrifstofa borgarlandsins | Reglulegt |





# MARKMIÐ 3
## Að unnið sé gegn helstu ógnum líffræðilegrar fjölbreytni

### a BÚSVÆÐAEYÐING

| Aðgerðir | Ábyrgðaraðili | Tímarammi |
|---|---|---|
| 1. **Tryggt verði að græn svæði minnki ekki að flatarmáli innan þéttbýlis Reykjavíkur.** Tryggt verði að gegndræpt yfirborð haldi þeim eiginleikum eins og kostur er. (6.2) Greind verði þróun á grænum svæðum á síðustu 20 árum. | Skrifstofa skipulags- og byggingarmála | 2028 |
| 2. **Reykjavíkurborg setji sér viðmið um mótvægisaðgerðir og um endurheimt svæða** þegar nýtt land er brotið undir byggð á hennar vegum og verndun náttúrulegra svæða á byggingatíma. Gerðir verðir skýrir skilmálar á öllum stigum skipulags og á framkvæmdatíma (framkvæmdaleyfi, leyfi til nýtingar borgarlands og eftirlits-verklagsreglum). | Skrifstofa skipulags- og byggingarmála | 2028 |
| 3. **Við endurgerð gatna verði tryggt að þær fái grænna yfirbragð.** | Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar | Reglulegt |
| 4. **Skilgreint verði verklag fyrir breytta notkun á grænum opnum svæðum.** Til að tryggja að ekki verði gengið um of á græn svæði verði unnar verklagsreglur um afgreiðslu tillagna og beiðna um breytta notkun grænna opinna svæða. Þetta á t.a.m. við um verndarsvæði áa, strandlengju Reykjavíkur og svæði með mikilvægum gróðri. | Deild aðalskipulags | 2027 |
| 5. **Náttúrumiðuðum lausnum verði beitt við að draga úr jarðvegsrofi**, t.a.m. með fjölgun götutrjáa, blágrænum lausnum, gegndræpu yfirborði og endurheimtaraðgerðum. (6.4) | Skrifstofa umhverfisgæða | Reglulegt |



# MARKMIÐ 3

## Að unnið sé gegn helstu ógnum líffræðilegrar fjölbreytni

### b MENGUN

| Aðgerðir | Ábyrgðaraðili | Tímarammi |
|---|---|---|
| 1. **Gerð verði greining á aðgerðum til að koma í veg fyrir efnamengun í Grafarvogi.** Skoðað verði hvernig megi innleiða ofanvatnshreinsun samhliða uppbyggingu á Keldum. | Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur | 2029 |
| 2. **Áfram verði unnið að bættum vatnsgæðum Tjarnarinnar** í samræmi við ICEWATER verkefnið. | Umhverfis- og skipulagssvið | Reglulegt |
| 3. **Ljósmengun í Reykjavík verði kortlögð** skv. aðgerðaáætlun fyrir ljósvistarstefnu og áhrif hennar á lífríki könnuð. | Skrifstofa umhverfisgæða | 2030 |
| 4. **Stuðningur við hreinsunarátök,** t.d. stóra plokkdaginn. | Skrifstofa borgarlandsins | Reglulegt |
| 5. **Greindir og innleiddir verði möguleikar á að nýta gróður við að draga úr loftmengun,** t.a.m. við umferðaræðar. | Skrifstofa umhverfisgæða / Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur | 2029 |



# MARKMIÐ 3

## Að unnið sé gegn helstu ógnum líffræðilegrar fjölbreytni

### C ÁGENGAR TEGUNDIR



| Aðgerðir | Ábyrgðaraðili | Tímarammi |
|---|---|---|
| 1. **Framandi ágengar tegundir í borgarlandinu verði skilgreindar og gripið til aðgerða gegn þeim í mikilvægisröð.** Hafnar verði aðgerðir gegn helmingi tegundanna (2.5). | Skrifstofa umhverfisgæða | 2028 |
| 2. **Aflað verði gagna um mögulega ágengar tegundir** og forðast að nota þær í borgarlandinu. | Skrifstofa umhverfisgæða | 2029 |
| 3. **Kortlagning tröllahvanna** *(Heracleum)* í borgarlandinu haldi áfram. | Skrifstofa borgarlandsins | Reglulegt |
| 4. **Ágengum plöntutegundum** (t.d. skógarkerfli og lúpínu) verði haldið í skefjum á forgangssvæðum, svo sem friðlýstum svæðum í Reykjavík í samstarfi við hagaðila. Tröllahvannir verði upprættar á forgangssvæðum (t.a.m. leiksvæðum) og eftir föngum annars staðar í borgarlandinu. | Skrifstofa umhverfisgæða | Reglulegt |
| 5. **Íbúar verði fræddir um ágengar tegundir í borgarlandinu og mögulegar aðgerðir gegn þeim.** Reynt verði að virkja íbúa í baráttunni gegn ágengum tegundum. Greindir verði möguleikar á að deila gögnum til íbúa um útbreiðslu tegundanna. | Skrifstofa umhverfisgæða | Reglulegt |
| 6. **Hafnar verði aðgerðir gegn ágengum plöntutegundum í eyjum umhverfis Reykjavík** t.a.m. með búfé. | Skrifstofa umhverfisgæða | 2026 |
| 7. **Stofnstærðarmat fyrir kanínur í borgarlandinu verði uppfært.** | Skrifstofa umhverfisgæða | 2028 |
| 8. **Unnið verði að aukinni þekkingu á ágengum tegundum** með kortlagningu á útbreiðslu þeirra og leiðum til þess að halda þeim í skefjum. | Skrifstofa umhverfisgæða | 2029 |

# MARKMIÐ 3

## Að unnið sé gegn helstu ógnum líffræðilegrar fjölbreytni

### d LOFTSLAGSBREYTINGAR



| Aðgerðir | Ábyrgðaraðili | Tímarammi |
|---|---|---|
| 1. **Árlega verði gróðursett 10.000 tré og runnar að meðaltali** í samræmi við áskorun UNECE um Trees in Cities | Umhverfis- og skipulagssvið | Reglulegt |
| 2. **Við val á trjám, runnum og öðrum plöntutegundum verði loftslagsþol og fjölbreytni tegunda haft að leiðarljósi.** Lögð verði áhersla á innlendar tegundir eins og við á. (4.3) | Deild loftslagsmála / Skrifstofa borgarlandsins | Reglulegt |
| 3. **Blágrænar lausnir verði alltaf fyrsta val í nýrri byggð og uppbyggingarverkefnum** eins og kveðið er á um í loftslagsborgarsamningi og aðalskipulagi. Náttúrumiðaðar lausnir verði innleiddar á uppbyggingarsvæðum við skipulagsgerð. (5.2) | Skrifstofa skipulags- og byggingarmála | Reglulegt |
| 4. **Framkvæmt verði árangursmat á þeim svæðum þar sem blágrænar lausnir hafa verið settar upp.** | Umhverfis- og skipulagssvið | 2029 |
| 5. **Aðgerðum sem vinna gegn loftslagsbreytingum og styðja við líffræðilega fjölbreytni** verði forgangsraðað og unnið að betri tengingu loftslagsaðgerða og aðgerða sem styðja við líffræðilega fjölbreytni. | Deild loftslagsmála | Reglulegt |
| 6. **Greindar verða aðgerðir sem eru nauðsynlegar á strandsvæðum vegna hækkandi sjávarstöðu og aukinnar tíðni flóðaviðburða.** Horft verði til náttúrumiðaðra lausna þar sem það á við. | Deild loftslagsmála | 2028 |
| 7. **Þróaðar verði skýrari leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð á strandsvæðum.** | Skrifstofa skipulags- og byggingarmála | 2028 |

# MARKMIÐ 4

## Að fræðsla um líffræðilega fjölbreytni fari fram með víðtækum hætti

| Aðgerðir | Ábyrgðaraðili | Tímarammi |
|---|---|---|
| 1. **Gerð verði fræðslu- og menntaáætlun um líffræðilegan fjölbreytileika** í samstarfi við skóla, háskóla og aðrar fræðslu- og menntastofnanir (t.d. söfn, grasagarða, dýragarða, frjáls félagasamtök og stofnanir á sviði náttúruverndar). (1.1) | Skrifstofa umhverfisgæða | Reglulegt |
| **a.** Haldnir verði árlegir fræðsluviðburðir fyrir íbúa þar sem líffræðileg fjölbreytni er á dagskrá, t.a.m. í tengslum við Hverfisskipulagsgerð. | Skrifstofa umhverfisgæða | Reglulegt |
| **b.** Grasagarður Reykjavíkur haldi úti fræðslu til almennings, skólabarna og nemenda á öllum skólastigum þar sem líffræðileg fjölbreytni er meginviðfangsefnið og tengt við umhverfismál í víðara samhengi. | Skrifstofa umhverfisgæða | Reglulegt |
| **c.** Reglulega verði birt myndbönd á vef Reykjavíkur og samfélagsmiðlum sem tengjast líffræðilegri fjölbreytni í borginni. | Umhverfis- og skipulagssvið | Reglulegt |
| **d.** Reykjavíkurborg veki athygli á alþjóðlegum degi um líffræðilega fjölbreytni og á öðrum umhverfisdögum. | Umhverfis- og skipulagssvið | Reglulegt |
| **e.** Starfsfólk Reykjavíkurborgar verði frætt árlega um líffræðilega fjölbreytni, t.d. með stefnumóti eða fræðsludögum. | Skrifstofa umhverfisgæða | Reglulegt |
| **f.** Samstarf við kennara og kennaranema verði aukið. | Umhverfis- og skipulagssvið | Reglulegt |



# MARKMIÐ 4

## Að fræðsla um líffræðilega fjölbreytni fari fram með víðtækum hætti

| Aðgerðir | Ábyrgðaraðili | Tímarammi |
|---|---|---|
| 2. **Öll börn undir 15 ára aldri fái náttúrukennslu eða náttúruupplifun** að lágmarki einu sinni á ári. Stutt verði við útikennslu og upplifun barna í náttúrunni. (1.2) | Umhverfis- og skipulagssvið | 2027 |
| 3. **Greindir verði möguleikar á að setja á fót umhverfisstyrki,** t.a.m. í gegnum borgarsjóð fyrir aðgerðir íbúa sem styðja við líffræðilega fjölbreytni í nærumhverfi sínu. | Umhverfis- og skipulagssvið | 2027 |
| 4. **Grenndargörðum fyrir íbúa verði fjölgað.** Sett verði á fót verkefni þar sem íbúar geta stutt við líffræðilega fjölbreytni í nærumhverfi sínu. Settur verði aukinn kraftur í viðhald núverandi grenndargarða. (7.4) | Skrifstofa skipulags- og byggingarmála | 2029 |
| 5. **Möguleikar til fuglaskoðunar verði efldir við strandlengjuna** í samræmi við áætlun um haftengda upplifun. | Skrifstofa umhverfisgæða /Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar | 2030 |





# MARKMIÐ 5

## Að lögð sé áhersla á líffræðilega fjölbreytni í allri starfsemi Reykjavíkurborgar

| Aðgerðir | Ábyrgðaraðili | Tímarammi |
|---|---|---|
| 1. **Tryggt verði að fjárhagsáætlun hvers árs taki mið af stefnu um líffræðilega fjölbreytni og samþykktri aðgerðaáætlun.** | Deild loftslagsmála | Reglulegt |
| 2. **Gefinn verði út nýr og uppfærður gátlisti um græna innviði í skipulag**i fyrir skipulagsfulltrúa, hönnuði og uppbyggingaraðila. Gátlistinn verði innleiddur í innri ferla skipulagsfulltrúa. Umfjöllun um líffræðilega fjölbreytni verði efld við gerð hverfis- og deiliskipulags. | Skrifstofa skipulags- og byggingarmála | 2027 |
| 3. **Við skipulagsgerð og þróun þéttbýlis Reykjavíkur verði hugað að líffræðilegri fjölbreytni**, innleiddar verði hönnunarlausnir sem styðja við hana og stutt verði við innlendar tegundir eins og kostur er. (3.1) | Skrifstofa skipulags- og byggingarmála | Reglulegt |
| 4. **Unnar verði deiliskipulagsáætlanir fyrir fleiri græn svæði**, t.a.m. Úlfarsfell. | Skrifstofa skipulags- og byggingarmála | 2030 |
| 5. **Nýbyggingar hljóti umhverfisvottun og er sérstök áhersla lögð á að skóla- og leikskólabyggingar séu Svansvottaðar.** Fyrir aðrar nýbyggingar er stefnt að umhverfisvottun (BREEAM eða Svanur) eins og kostur er. | Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu | Reglulegt |
| 6. **Skilgreindir verði árangursvísar** fyrir aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni. | Skrifstofa umhverfisgæða | 2027 |
| 7. **Árangur stefnunnar og aðgerðaáætlunarinnar** verði metinn og kynntur árlega. | Skrifstofa umhverfisgæða | Reglulegt |
| 8. **Stefna um líffræðilega fjölbreytni** verði sett fram á aðgengilegri hátt. | Skrifstofa umhverfisgæða | 2026 |



# MARKMIÐ 6

## Að Reykjavík sé leiðandi í stefnu- og aðgerðamótun um líffræðilega fjölbreytni.

| Aðgerðir | Ábyrgðaraðili | Tímarammi |
|---|---|---|
| 1. **Reykjavíkurborg veiti öðrum sveitarfélögum stuðning við mótun stefnu um líffræðilega fjölbreytni.** Reykjavíkurborg hafi frumkvæði að samstarfi um líffræðilega fjölbreytni á höfuðborgarsvæðinu í gegnum samstarfsvettvang SSH. | Umhverfis- og skipulagssvið | 2028 |
| 2. **Stutt verði við nýsköpunar- og rannsóknarverkefni, t.a.m. með innlendum háskólum.** Rannsóknarverkefnum á sviði líffræðilegrar fjölbreytni í borgarlandinu verði fjölgað, t.a.m. með aðstoð við leiðbeiningu við lokaverkefni í háskólum. | Umhverfis- og skipulagssvið | Reglulegt |
| 3. **Tekið verði á móti nemum sem vinna að rannsóknarverkefnum** sem styðja við starfsemi Reykjavíkurborgar og markmið stefnunnar, eins og svigrúm leyfir. | Umhverfis- og skipulagssvið | Reglulegt |
| 4. **Áframhaldandi þátttaka í alþjóðlegu samstarfi**, t.a.m. með Berlin Urban Nature Pact, Cities for Nature, ICLEI, Trees in Cities og EuroCities. | Umhverfis- og skipulagssvið | Reglulegt |
| 5. **Grasagarður Reykjavíkur hafi samstarf við aðrar stofnanir** þar sem líffræðileg fjölbreytni er rannsökuð. | Skrifstofa umhverfisgæða | Reglulegt |



**Útgefandi:**
**Reykjavíkurborg**
**Umhverfis- og skipulagssvið**
2026

**Vatnslitamyndir:**
Viktoria Buzukina

**Ljósmyndir:**
Róbert Reynisson (bls. 5, 6, 7, 9, 11, 13)
Emil H. Valgeirsson (bls. 10)
Erling Ólafsson (bls. 13)
Ragnar Th Sigurðsson (bls. 7)
Snorri Sigurðsson (bls. 6)

**Hönnun og umbrot:**
Hvíta húsið



Reykjavík

**Viðtakandi**: Umhverfis- og skipulagsráð
**Sendandi**: Skrifstofa umhverfisgæða

Reykjavík, 20. mars 2026
USK24120039

**Samantekt á stöðu aðgerða úr fyrri aðgerðaáætlun**

---

## Staða aðgerða úr fyrri áætlun

**Vernd búsvæða**

1. Friðlýsing Akureyjar 2019
2. Friðlýsing Lundeyjar 2021
3. Friðlýsing Blikastaðakróar 2022
4. Friðlýsing Laugarnestanga sem menningarminjasvæðis 2026
5. Friðlýsing Grafarvogs (2026)

**Endurheimt vistkerfa og efling búsvæða**

6. Þátttaka í LIFE ICEWATER sem miðar að bættum vatnsgæðum í Tjörninni, fjölgun hólma í Tjörninni, farsælli innleiðing náttúrumiðaðra lausna. 2025-2031
7. Endurheimt votlendis í Úlfarsárdal. 2019
8. Bætt búsvæði kríu í Vatnsmýri og Þorfinnstjörn. 2017, 2018
9. Bætt búsvæði andfugla á Stóra hólma í Reykjavíkurtjörn. 2025

**Vöktun lífríkis**

10. Skýrslur um vöktun fuglalífs í Reykjavík 2020-2025
11. Úttekt á fuglalífi Austurheiða í tengslum við gerð rammaskipulags (2018)
12. Árleg vöktun fuglalífs á Tjörninni frá 2015-2025. Sjá t.a.m. 2022, 2023
13. Vöktun á máfavarpi í Viðey 2024, 2025
14. Vöktun á lífríki Elliðaáa 2022, 2023
15. Vöktun á lífríki Úlfarsár 2019, 2020,
16. Vöktun á botndýralífi Tjarnarinnar frá 2015. sjá t.a.m. 2022, 2023
17. Mengunarálag í Tjörninni vaktað með hornsílarannsóknum.
18. Vöktun á selum í Grafavogi. 2025
19. Samstarf um birtingu vísindagreina um fuglalíf í borginni. 2022
20. Auk þess annast aðrir aðilar vöktun lífríkis í kringum Reykjavík, lundavarp í Akurey, lífríki Elliðavatns o.s.frv.
21. Bætt skráning á gögnum um skógrækt. 2025

**Aðgerðir í skipulagi**

22. Útgáfa gátlista um græna innviði í skipulagi
23. Fjölgun BREEAM og svansvottaðra bygginga og verkefna
24. Gerð rammaskipulags fyrir Austurheiðar
25. Gerð deiliskipulags fyrir Elliðaárdal
26. Blágrænar lausnir hafa víða komið til framkvæmda og eru gjarnan fyrsta lausnin sem litið er til í nýrri byggð.

**Fræðsla og rannsóknir um náttúru og líffræðilega fjölbreytni**

27. Bættar upplýsingar fyrir íbúa um tröllahvannir sem eru ágengar tegundir
28. Stuðningur og samstarf við vefinn Náttúrareykjavikur.is
29. Fræðsludagskrá Grasagarðsins fjallar gjarnan um líffræðilega fjölbreytni á einn eða annan hátt.
30. Hlutdeild í fræðsludagskrá margra starfsstaða Reykjavíkur á ólíkum tímum. Til að mynda Fjölskyldu- og húsdýragarðs, Borgarsögusafns (Viðey), í bláfánafræðslu í Nauthólsvík, Vinnuskóla Reykjavíkur og fyrir starfsfólk Reykjavíkur.
31. Upplýsingar um græn svæði gerð aðgengileg á vefnum
32. Fræðsluskiltum um náttúru borgarinnar hefur verið fjölgað
33. Ýmis fræðsluverkefni í samstarfi við félagasamtök og aðra aðila t.a.m. Borgarbókasafnið, m.a. með fuglaviku, valið Hverfisfuglinn í samstarfi við leikskóla, haldið úti Fjöri í fjöru, Reykjavík Bio Blitz
34. Ýmis rannsóknar og nýsköpunarverkefni t.a.m. í gegnum Nýsköpunarsjóð námsmanna (rannsóknir á kríuvarpi, aðgerðum gegn ágengum tegundum o.fl.)
35. Samnorrænt rannsóknarverkefni um villtar erfðalindir ræktaðra nytjaplantna (crop wild relatives).
36. Kynning á þátttöku Reykjavíkur í Berlin Urban Nature Pact, bæði fyrir starfsfólki Reykjavíkur og íbúum. 2025-2026

**Aðgerðir gegn ágengum tegundum**

37. Vöktun á útbreiðslu tröllahvanna (2018-2025)
38. Aðgerðir gegn tröllahvönnum (helst á leiksvæðum, garðyrkjudeild hefur annast aðgerðir)
39. Aðgerðir gegn lúpínu á friðlýstum svæðum (Fossvogsbakkar, Laugarás, Gufuneshöfði)
40. Samanburður á aðferðum til að berjast gegn tröllahvönnum
41. Stofnstærðarmat á kanínum

**Loftslagsaðgerðir**

42. Gerð skógræktaráætlunar þar sem tækifæri til skógræktar eru kortlögð en hún t.a.m. bindur kolefni og græðir víða upp land. (verður lögð fram 2026).

**Alþjóðlegt samstarf**

43. Þátttaka í ýmsum ráðstefnum og málþingum innanlands sem erlendis, bæði til þess að kynna verkefni Reykjavíkur og læra af öðrum
44. Undirritun á Monteral Pledge
45. Þátttaka og undirritun á Berlin Urban Nature Pact

**Endurskoðun stefnu og aðgerðaáætlunar**

46. Endurskoðun aðgerðaáætlunar um líffræðilega fjölbreytni á grundvelli gildandi stefnu.

**Starfsemi Reykjavíkurborgar**

47. Innleiðing líffræðilegrar fjölbreytni sem áhættuþáttar í umhverfisstjórnunarkerfi Umhverfis- og skipulagssviðs
48. Viljandi villt – dregið úr grasslætti á völdum stöðum. 2025

**Verkefni sem hefðu mátt ganga betur**

- Tryggja fjármagn til aðgerða og innleiðingar aðgerðaáætlunarinnar allan framkvæmdatímann.
- Aðgerðir gegn mengun geta verið mjög umfangsmiklar, kostnaðarsamar og eru á höndum margra aðila. Sums staðar hefur gengið vel t.a.m. með ICEWATER en annars staðar eru tækifæri til þess að sækja fram
- Mat á búsvæðaeyðingu og aðgerðir gegn henni
- Samráðsfundir með öðrum sveitarfélögum

Virðingarfyllst,
Benedikt Traustason
*Skrifstofa umhverfisgæða*
*Umhverfis- og skipulagssvið*

## Aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni 2026-2030

| | | BUNP | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | 2030 | Reglulegt | Kostnaður | Skrifstofa umhverfisgæða | Deild aðalskipulags | Deild loftslagsmála | Skrifstofa skipulags- og byggingarmála | Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar | Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur | Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu | Skrifstofa borgarlandsins | Umhverfis- og skipulagssvið |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **MARKMIÐ 1: skrá og greina upplýsingar um líffræðilega fjölbreytni í Reykjavík** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Gerð verði vöktunaráætlun fyrir lífríki Reykjavíkur | | x | | | | | | Lítill | x | | | | | | | | |
| 2 | Unnin verði samantekt á rannsóknum og vöktunarverkefnum um líffræðilega fjölbreytni í Reykjavík | | | x | | | | | Óbeinn | x | | | | | | | | |
| 3 | Gögn um líffræðilega fjölbreytni verði gerð aðgengilegri | | | x | | | | | Óbeinn | x | | | | | | | | |
| 4 | Niðurstöðum rannsókna í Reykjavík verði komið betur á framfæri til íbúa og starfsfólks | | | | | | | x | Óbeinn | x | | | | | | | | |
| 5 | Götutré í borgarlandinu verði skráð í gagnagrunn | | | | | | x | | Lítill | | | | | | | | x | |
| 6 | Gerðar verði rannsóknir og endurmat á áhrifum einstakra aðgerða í áætluninni | | | | | | | x | Lítill | x | | | | | | | | |
| | **MARKMIÐ 2: Að staða líffræðilegrar fjölbreytni í borgarlandinu sé sterk** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| | **2a) Að vernda líffræðilega fjölbreytni** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Þrjátíu prósent af borgarlandi Reykjavíkur verði vernduð (2.2) | x | | | | | x | | Lítill | x | | | | | | | | |
| 2 | Fjara við Ægisíðu og Skerjafjörð verði friðlýst. | | | | | | x | | Óbeinn | x | | | | | | | | |
| 3 | Afmörkun núverandi hverfisverndarsvæða verið endurskoðuð. Gerð verndarskilmála og aukið samstarf við íbúa | | | | x | | | | Óbeinn | | x | | | | | | | |
| 4 | Unnin verði forgangsröðun fyrir friðlýsingu nýrra verndarsvæða | | | | | | x | | Óbeinn | x | | | | | | | | |
| 5 | Aðgengi við friðlýsta svæðið við Háubakka verði bætt | | | | | | x | | Talsverður | | | | | | | x | | |
| 6 | Fyrri fundarstaðir plöntutegunda á válista og friðlýstra tegunda í Reykjavík verði endurskráðir | | | | | x | | | Óbeinn | x | | | | | | | | |
| 7 | Grænir ásar og tengingar á milli búsvæða verði efldar í samræmi við Græna netið | | | | | | | x | Talsverður | | | | | | | x | | |
| 8 | Grænum tengingum milli svæða verði gert hærra undir höfði við skipulagsgerð (2.3) | x | | | | | | x | Lítill | | | | x | | | | | |
| | **2b) Að endurheimta vistkerfi** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Gert verði endurmat á votlendisaðgerðum í Úlfarsárdal og gripið til aðgerða. Möguleikum til endurheimtar verði forgangsraðað. | | | | | x | | | Lítill | x | | | | | | | | |
| 2 | Gerðar verði tilraunir með endurheimt búsvæða með strandgróðri þar sem sjór gengur á land. | | | | | x | | | Lítill | x | | | | | | | | |
| 3 | Strandsvæði Reykjavíkur verði kortlögð eftir verndargildi, raski og möguleikum til endurheimtar. Horft verði til náttúrumiðaðra lausna | | | | x | | | | Óbeinn | x | | | | | | | | |
| 4 | Gömul sláttusvæði verði endurhönnuð og gróðursett í þau eins og við á og upplýsingum um verkefnin miðlað. | | | | | | | x | Lítill | | | | | | | | x | |
| 5 | Fyrri aðgerðum sem styðja við kríuvarp í Vatnsmýri verði fylgt eftir og gripið verði til aðgerða eftir þörfum. | | | | | | | x | Lítill | x | | | | | | | | |
| 6 | Möguleikar á aukinni ræktun birkiskóga í útmörk verði skilgreindir í tengslum við Bonn áskorunina. | | | x | | | | | Óbeinn | | | | | | | | x | |
| | **2c) Að fjölga búsvæðum og efla** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | 3-30-300 reglan verði staðfærð fyrir íslenskar aðstæður og skilgreind verði markmið. Íbúar skulu búa í göngufjarlægð við græn svæði (4.4) | x | | | x | | | | Lítill | | x | | | | | | | |
| 2 | Gerð verði forgangsröðun fyrir fjölgun og eflingu grænna svæða. | | | x | | | | | Talsverður | x | | | | | | | | |
| 3 | Grænum þökum og veggjum á byggingum og öðrum mannvirkjum verði fjölgað. | | | | x | | | | Lítill | | | | x | | | | | |
| 4 | Notaður verði fjölbreyttur gróður í borgarrýminu | | | | | | | x | Óbeinn | | | | | | | | x | |
| 5 | Hólmum í Reykjavíkurtjörn verði fjölgað til þess að styrkja fuglalíf. | | x | | | | | | Óbeinn | | | | | | | x | | |
| 6 | Stutt verði við fuglalíf m.a. með aukinni gróðursetningu trjáa og runna sem mynda ber. Fuglahúsum og setpöllum verði fjölgað. | | | | | | | x | Lítill | | | | | | | | x | |
| 7 | Að lágmarki verði 1 tré í almenningsrýmum Reykjavíkur fyrir hverja 6 íbúa. (4.1) | x | | | | | x | | Óljóst | x | | | | | | | | |
| 8 | Laufþekja verði að lágmarki vera 10% í hverju hverfi Reykjavíkur. (4.2) | x | | | | | x | | Óljóst | x | | | | | | | | |
| 9 | Gerðar verði leiðbeiningar um gróðursetningu og umhirðu götutrjáa. (6.3) | x | | x | | | | | Lítill | | | | | | | | x | |
| 10 | Umhirða fjórðungs grænna svæða í borgarlandinu verði á forsendum líffræðilegrar fjölbreytni | x | | | | | | x | Lítill | | | | | | | | x | |
| | **MARKMIÐ 3: Að unnið sé gegn helstu ógnum líffræðilegrar fjölbreytni** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| | **3a) Búsvæðaeyðing** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Tryggt verði að græn svæði minnki ekki að flatarmáli innan þéttbýlis Reykjavíkur og gegndræpi haldist eins og kostur er (6.2) | x | | | x | | | | Óbeinn | | | | x | | | | | |
| 2 | Reykjavíkurborg setji sér viðmið um endurheimt svæða þegar nýtt land er brotið undir byggð. | | | | x | | | | Óbeinn | | | | x | | | | | |
| 3 | Við endurgerð gatna verði tryggt að þær fái grænna yfirbragð | | | | | | | x | Talsverður | | | | | x | | | | |
| 4 | Skilgreint verði verklag fyrir breytta notkun á grænum opnum svæðum. | | | x | | | | | Óbeinn | | x | | | | | | | |
| 5 | Náttúrumiðuðum lausnum verður beitt við að draga úr jarðvegsrofi (6.4) | x | | | | | | x | Óljóst | x | | | | | | | | |
| | **3b) Unnið sé gegn mengun** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Greining á aðgerðum til að koma í veg fyrir efnamengun í Grafarvogi. Ofanvatnshreinsun skoðuð samhliða uppbygginu á Keldum. | | | | | x | | | Lítill | | | | | | x | | | |
| 2 | Áfram verði unnið að bættum Vatnsgæðum Tjarnarinnar. | | | | | | | x | Talsverður | | | | | | | | | x |
| 3 | Ljósmengun í Reykjavík verði kortlögð | | | | | | x | | Lítill | x | | | | | | | | |
| 4 | Áfram verði stutt við hreinsunarátök t.d. stóra plokk daginn. | | | | | | | x | Lítill | | | | | | | | x | |
| 5 | Gróður verði nýttur við að draga úr loftmengun og aðgerðir innleiddar, t.a.m. við umferðaæðar. | | | | | x | | | Lítill | x | | | | | x | | | |
| | **3c) Unnið sé gegn ágengum tegundum** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Framandi ágengar tegundir í borgarlandinu verði skilgreindar og gripið til aðgerða gegn þeim í mikilvægisröð (2.5) | x | | | x | | | | Óbeinn | x | | | | | | | | |
| 2 | Aflað verði gagna um mögulega ágengar tegundir og forðast að nota þær í borgarlandinu. | | | | | x | | | Lítill | x | | | | | | | | |
| 3 | Kortlagning tröllahvanna (*Heracleum* ) í borgarlandinu haldi áfram | | | | | | | x | Lítill | | | | | | | | x | |
| 4 | Ágengum plöntutegundum verði haldið í skefjum á forgangssvæðum, | | | | | | | x | Lítill | x | | | | | | | | |
| 5 | Íbúar verði fræddir um ágengar tegundir í borgarlandinu og mögulegar aðgerðir gegn þeim. Reynt verði að virkja íbúa. | | | | | | | x | Óbeinn | x | | | | | | | | |
| 6 | Hafnar verði í aðgerðir gegn ágengum tegundum plöntum í eyjum umhverfis Reykjavík | | x | | | | | | Lítill | x | | | | | | | | |
| 7 | Stofnstærðarmat fyrir kanínum í borgarlandinu verður uppfært. | | | | x | | | | Lítill | x | | | | | | | | |
| 8 | Unnið verði að aukinni þekkingu á ágengum tegundum, kortlagningu og leiðum til að halda þeim í skefjum | | | | | x | | | Lítill | x | | | | | | | | |
| | **3d) Unnið sé gegn loftslagsbreytingnum** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Árlega verði gróðursett 10.000 tré og runnar í samræmi við áskorun UNECE um Trees in Cities | | | | | | | x | Talsverður | | | | | | | | | x |
| 2 | Við val á trjám-, runnum- og öðrum plöntutegundum verður loftslagsþol og fjölbreytni tegunda að leiðarljósi. (4.3) | x | | | | | | x | Óbeinn | | | x | | | | | x | |
| 3 | Blágrænar lausnir verði alltaf fyrsta val í nýrri byggð og uppbyggingarverkefnum og náttúrumiðaðar lausnir innleiddar (5.2) | x | | | | | | **x** | Óljós | | | | x | | | | | |
| 4 | Framkvæmt verði endurmat á þeim svæðum þar sem blágrænar lausnir hafa verið settar upp. | | | | | x | | | Lítill | | | | | | | | | x |
| 5 | Unnið verði að betri tengingu loftslagsaðgerða og aðgerða sem styðja við líffræðilega fjölbreytni. | | | | | | | x | Óbeinn | | | x | | | | | | |
| 6 | Greindar verða aðgerðir sem eru nauðsynlegar á strandvæðum vegna hækkandi sjávarstöðu og aukinnar tíðni flóðaviðburða. | | | | x | | | | Óljós | | | x | | | | | | |

| Milljónir | Flokkur | Fjöldi |
|---|---|---|
| ? | Óljóst | 3 |
| 0-1 | Óbeinn eða enginn | 32 |
| 1-10 | Lítill | 34 |
| +10 | Talsverður | 9 |

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | Þróaðar verði skýrar leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð á strandsvæðum. | | | | x | | | | Lítill | | | | x | | | | | |
| | **MARKMIÐ 4: Að fræða borgarbúa um líffræðilega fjölbreytni** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Gerð verði fræðslu- og menntaáætlun um líffræðilegan fjölbreytileika í samstarfi við skóla, háskóla og aðrar stofnanir (1.1) | x | | | | | | x | Óbeinn | x | | | | | | | | |
| 1 | 1a. Haldnir verði árlegir fræðsluviðburðir fyrir íbúa þar sem líffræðileg fjölbreytni er á dagskrá | | | | | | | x | Óbeinn | x | | | | | | | | |
| 1 | 1b. Grasagarður Reykjavíkur haldi úti fræðslu til almennings, skólabarna og nemenda á öllum skólastigum | | | | | | | x | Óbeinn | x | | | | | | | | |
| 1 | 1c. Reglulega verði birt myndbönd á vef Reykjavíkur og samfélagsmiðlum sem tengjast líffræðilegri fjölbreytni í borginni | | | | | | | x | Óbeinn | | | | | | | | | x |
| 1 | 1d. Reykjavíkurborg veki athygli á alþjóðlegum degi um líffræðilega fjölbreytni og öðrum umhverfisdögum. | | | | | | | x | Óbeinn | | | | | | | | | x |
| 1 | 1e. Starfsfólk Reykjavíkurborgar verði frætt árlega um líffræðilega fjölbreytni | | | | | | | x | Óbeinn | x | | | | | | | | |
| 1 | 1f. Samstarf við kennara og kennaranema verði aukið | | | | | | | x | Óbeinn | | | | | | | | | x |
| 2 | Öllum börnum undir 15 ára mun gefast kostur á náttúrukennslu eða náttúruupplifun að lágmarki einu sinni á ári (1.2) | x | | x | | | | | Lítill | | | | | | | | | x |
| 3 | Greindir verði möguleikar á að setja á fót umhverfisstyrki t.a.m. í gegnum borgarsjóð fyrir aðgerðir íbúa | | | x | | | | | Lítill | | | | | | | | | x |
| 4 | Grenndargörðum fyrir íbúa verði fjölgað. Sett verði á fót verkefni þar sem íbúar geta stutt við líffræðilega fjölbreytni í nærumhverfi sínu (7.4) | x | | | | x | | | Talsverður | | | | x | | | | | |
| 5 | Möguleikar til fuglaskoðunar verði efldir við strandlengjuna í samræmi við áætlun um haftengda upplifun. | | | | | | x | | Lítill | x | | | | x | | | | |
| | **MARKMIÐ 5: Hugað sé að líffræðilegri fjölbreytni Í starfsemi Reykjavíkurborgar** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Tryggt verði að fjárhagsáætlun taki mið af stefnu um líffræðilega fjölbreytni og samþykktri aðgerðaáætlun. | | | | | | | x | Óbeinn | | | x | | | | | | |
| 2 | Gefinn verði út nýr og uppfærður gátlisti um græna innviði í skipulagi fyrir skipulagsfulltrúa, hönnuði og uppbyggingaraðila | | | x | | | | | Óbeinn | | | | x | | | | | |
| 3 | Við skipulagsgerð og þróun þéttbýlis Reykjavíkur verður hugað að líffræðilegri fjölbreytni | | | | | | | x | Óbeinn | | | | x | | | | | |
| 4 | Unnar verði deiliskipulagsáætlanir fyrir fleiri græn svæði, t.a.m. Úlfarsfell | | | | | | x | | Talsverður | | | | x | | | | | |
| 5 | Nýbyggingar hljóti umhverfisvottun og er sérstök áhersla lögð á að skóla og leikskólabyggingar séu Svansvottaðar | | | | | | | x | Talsverður | | | | | | | x | | |
| 6 | Skilgreindir verði árangursvísar fyrir aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni. | | | x | | | | | Lítill | x | | | | | | | | |
| 7 | Árangur stefnunnar og aðgerðaáætlunarinnar verði metinn og kynntur árlega | | | | | | | x | Óbeinn | x | | | | | | | | |
| 8 | Stefna um líffræðilega fjölbreytni verði sett fram á aðgengilegri hátt. | | x | | | | | | Óbeinn | x | | | | | | | | |
| | **MARKMIÐ 6: Að Reykjavík sé leiðandi í stefnumótun um líffræðilega fjölbreytni** | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | Reykjavíkurborg veiti öðrum sveitarfélögum stuðning. Reykjavíkurborg hafi frumkvæði að samstarfi á vettvangi SSH | | | | x | | | | Óbeinn | | | | | | | | | x |
| 2 | Stutt verði við nýsköpunar og rannsóknarverkefni t.a.m. með innlendum háskólum. | | | | | | | x | Lítill | | | | | | | | | x |
| 2 | Tekið verði á móti nemum sem vinna að rannsóknarverkefnum sem styðja við starfsemi Reykjavíkurborgar | | | | | | | x | Lítill | | | | | | | | | x |
| 3 | Reykjavíkurborg taki áfram þátt í alþjóðlegu samstarfi | | | | | | | x | Lítill | | | | | | | | | x |
| 4 | Reykjavíkurborg veiti öðrum sveitarfélögum stuðning við mótun stefnu um líffræðilega fjölbreytni. | | | | | | | x | Óbeinn | | | | | | | | | x |
| 5 | Grasagarður Reykjavíkur hafi samstarf með öðrum stofnunum þar sem líffræðileg fjölbreytni er rannsökuð | | | | | | | x | Lítill | x | | | | | | | | |